

2021-22

#VIDERUMGRINDAVÍK



LEIKJASKRÁ



HS ORKA



ÓSKUM GRINDAVÍK GÓÐS GENGIS Í VETUR

HS Orka hefur í meira en 40 ár virkjað jarðhita til þæginda fyrir viðskiptavini. Fyrirtækið á og rekur tvær jarðgufuvirkjanir, Svartsengis- og Reykjanesvirkjun, sem eru grundvöllur Auðlindagarðsins þar sem markmiðið er að nýta alla strauma til verðmætasköpunar. HS Orka er stoltur styrktaraðilli UMFG.

www.hsorka.is

4 PISTILL FRÁ FORMANNI
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD-
AR

6 ÆFINGATAFLA
KÖRFUKNATTLEIKS-
DEILDAR GRINDAVÍKUR



10 KJARTAN FOR-
MAÐUR UNGLINGA-
RÁÐS Í ÁRATUG



14 SAGAN Á
BAKVIÐ STUÐNINGS-
MANNALAGIÐ

16 MEISTARAFLOKK-
UR KARLA 2021/2022

17 DANÍEL GUÐNI
ÁNÆGÐUR MEÐ LEIK-
MANNAHÓPINN



18 BJÖRGVIN
HAFÞÓR LÍKAR LÍFIÐ Í
GRINDAVÍK

20 ÓLI ÓLA ÖÐRU-
VÍSI LEIÐTOGI EN BRÓÐ-
UR SINN

22 MEISTARAFLOKK-
UR KVENNA 2021/2022



23 ÞORLEIFUR
NÝR ÞJÁLFARI MFL.
KVENNA

24 ARNA SIF ER
TÖFFARI Í VÖRNINNI



26 STIGAVÉLIN
ROBBI RYAN

32 GYLFI Á PAPAS ER
STUÐNINGSMAÐURINN

36 MYNDIR ÚR
SAFNI KIDDA BEN

38 NÝ STÚKA
VÆNTANLEG

40 LOKAHÓF YNGRI
FLOKKA

42 KVEÐJA FRÁ KKÍ

44 HULDA BJÖRK
UNG Í LYKILHLUTVERKI

46 ÞRISTÓFER BREKI
GYLFASON

**Leikjaskrá Körfuknattleiksdeildar
Grindavíkur 1. töl. 2021**

Körfuknattleiksdeild Grindavíkur hefur um árabil gefið út Leikjaskrá í upphafi hvers keppnistímabils. Blaðið kemur núna út í byrjun desember 2021 þegar um þriðjungur er liðinn af keppnistímabilinu. Markmiðið með blaðinu er að veita Grindvíkingum innsýn inn í fjölbreytt starf körfuknattleiksdeildar Grindavíkur.

Ritstjóri

Jón Júlíus Karlsson

Ábyrgðarmaður

Ingibergur Þór Jónasson, formaður kkd. Grindavíkur

Ritnefnd:

Bryndís Gunnlaugsdóttir

Jón Júlíus Karlsson

Smári Jökull Jónsson

Siggeir Fannar Ævarsson

Auglýsingar

Bergvin Ólafarson

og Jón Júlíus Karlsson

Prentun

Stapaprent, Vesturbraut 8,

230 Reykjanesbær.

Ljósmyndir

Benóný Þórhallsson, Ingibergur Þór

Jónasson, Jón Júlíus Karlsson, Krist-

inn Benediktsson Karfan.is, o.fl.

Umbrot og hönnun:

Þorsteinn Kristinsson



Forsíðumynd

Forsíða blaðsins þetta árið er samansett af Agli Birgissyni en hann nýtti sér myndir sem teknar voru af lykilmönnum Grindavíkur í upphafi leiktíðar. Á forsíðunni eru þau f.v. Hekla Eik Nökkvadóttir, Ólafur Ólafsson, Kristófer Breki Gylfason og Hulda Björk Ólafsdóttir. Myndir af leikmönnum voru teknar af Ingi-bergi Þór Jónassyni.

Skrifstofa UMFG

Starfsfólk á skrifstofu eru þau Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri og Hadda Guðfinnsdóttir íþróttafulltrúi. Opnunartími skrifstofu er frá kl. 14-17 á mánudögum til fimmtudags. Skrifstofa UMFG er staðsett í Gjánni í við íþróttamiðstöðina við Austurveg 1-3. Sími á skrifstofu UMFG er 426-7775 og email er umfg@umfg.is

**Köfunarþjónusta
Gunnars
Sími 892 8658**



FÖRUM JÁKVÆÐ INN Í VETURINN

Það að ég sé að rita nýjan formannspistol þýðir það að ný Leikjaskrá er á leið í loftið. Ég ætlaði reyndar að vera löngu búinn að skrifa þennan pistil en þetta er líklega í þriðja sinn sem ég byrja á því að skrifa hann. Í millitiðinni hafa orðið töluverðar breytingar á hópnum hjá okkur. Sem dæmi fór Dagur Kár í atvinnumennsku og núna síðast fór Bragi Guðmundsson til Hauka þar sem hann ætlar að vaxa og dafna. Við höfum sent tvo bandaríska leikmenn heim en vonandi erum við nú komin á leiðarenda með hópinn hjá karlaliðinu.

Okkar markmið með Leikjaskránni er að vera upplífandi; gefa bæjarbúum innsýn inn í starfið, kynna leikmönnum og ásamt skemmtilegum fróðleik um starfið okkar. Einnig viljum við með þessu ágæta blaði sýna bæjarbúum hvaða fyrirtæki það eru sem eru okkar helstu styrktaraðilar og þakka aðeins fyrir þann frábæra stuðning sem körfuboltinn í Grindavík hlýtur frá fjölmörgum fyrirtækjum og velunnurum.

Rekstur á íþróttaliði í fremstu röð verður sífellt erfiðari og undanfarin 2 ár í heimsfaraldri hafa vera gífurlega krefjandi fyrir okkur sem stöndum í fremstu röð fyrir klúbbinn okkar. Okkur hefur þó tekist að skapa mjög sambærilega umgjörð og flest þau félög sem við berum okkur saman við þrátt fyrir að vera fámennari og geta ekki gengið að háaum fjárveitingum vísum. Við erum stolt af því að vera Grindvíkingar og við finnum fyrir miklum velvilja frá okkar stuðningsmönnum og styrktaraðilunum.

Magnað einvígi

Ég er afar stoltur af árangrinum sem kvennaliðið okkar hefur áorkað á þessu ári. Við erum með mjög ungt kvennalið en það er á allra vörum hve framtíðin björt. Það missti enginn af einvíginu við Njarðvík í sumar þegar okkar ungu leikmenn stigu upp og klárðu einvígi sem allir

voru búnir að afskrifa. Þetta var eitt það skemmtilegasta einvígi sem ég hef orðið vitni að og magnað afrek að tryggja sér sæti í efstu deild eftir að hafa lent 0-2 undir í úrslitaeinvíginu. Þjálfarinn Ólöf Helga hætti með liðið í sumar og var núna að eignast sitt þriðja barn. Við óskum henni innilega til hamingju með frábæran árangur og einnig með nýja erfingjann. Þorleifur Ólafsson (Lalli) hefur tekið við keflinu með kvennaliðið og með honum höfum við sett niður áætlun til næstu þriggja ára. Við höfum mikla trú á okkar uppöldu stelpum og erum tilbúin að leggja hart að okkur við að veita þeim það tækifæri að vera í fremstu röð á Íslandi.

Ég er auðvitað líka mjög stoltur af karlaliðinu okkar og þeim karakter sem liðið sýndi í miklu mótlæti á síðasta tímabili. Það er magnað að sjá okkar leikmenn þjappa sér saman þegar á móti blæs og spila af stolti fyrir merki félagsins. Við lærðum mikið af síðasta tímabili og ætlum okkur að reyna að gera enn betur á þessu tímabili.

Breytingar á íslenskum körfubolta

Ég lá heima veikur dögnum og nýtti þá tímann til að horfa á einvígi Grindavíkur og KR um Íslandsmeistaratitilinn árið 2014. Okkar lið var skipað einum útlending en svo að megninu til uppöldum Grindvíkingum. Það hafa orðið örar breytingar á íslenskum körfubolta á síðustu árum og í dag við sjáum fjölda erlendra leikmanna í deildunum okkar. Þessi þróun gleður mig ekki og er ógn við leiktíma ungra íslenskra leikmanna sem verða að fá tækifæri til að taka sín fyrstu skref. Við höfum þurft að aðlaga okkur að þessum breytta veruleika og erum í dag með þrjá erlenda leikmenn í karlaliðinu og tvo í kvennaliðinu. Ef við ætlum að berjast um titla þá er þetta raunveruleiki sem við þurfum að setta okkur við til næstu ára. Það er okkar einlægá von að við getum áfram byggt grindvískan körfubolta á uppöldum leikmönnum. Við þurfum að hlúa afar vel þeim efnilegu leikmönnum sem koma upp hjá félaginu. Stefnan er þó skýr - við ætlum okkur að vera í fremstu röð



liða í íslenskum körfubolta.

Við þurfum fleiri hendur á dekk

Nú höfum við haft starfandi framkvæmdarstjóra allra deilda í rúmt ár sem hefur verið gæfuspor fyrir UMFG. Fólki sem getur gefið tíma sinn í sjálfbodaðastarf fyrir félagið vex ekki á hverju strá og er þessi róður alltaf að verða þyngri og þyngri. Það hefur hjálpað okkur mikið að fá framkvæmdastjóra til félagsins og sérstaklega mér í starfi formanns. Á hverjum degi erum við að glíma við ýmis verkefni sem snúa að starfi deildarinnar og það er gott að geta leitað til starfsmanna UMFG með aðstoð.

Okkur vantar þó fleiri sjálfbodaðaliða í kringum leiki hjá félaginu. Við viljum búa til fjölskylduvænt umhverfi á okkar heimaleikjum, fá meiri stemningu og enn betri umgjörð. Endilega klukkidið okkur ef þið hafið áhuga á að vera með!

Nýr keppnisvöllur

Það sér fyrir endann á uppbyggingu á okkar nýja keppnissal. Á næsta tímabili munum við leika okkar heimaleiki í nýjum sal, í nýrri stúku og með nýjum tækjabúnaði. Þetta verður mikil bylting fyrir okkur sem félag. Ég viðurkenni að ég hef haft orð á því á samfélagsmiðlum um hversu seint þetta er að ganga en ég er maður akkordis og vil að hlutirnir gangi hratt og örugglega fyrir sig. Núna get ég aðeins róað mig niður því þetta virðist vera komið á fjárhagsáætlun Grindavíkurbæjar fyrir næsta ár og stutt í að við spilum í nýju húsi. Hrós á stjórnendur sveitarfélagsins fyrir að klára þetta mikilvæga verkefni.

Endurnýjað umboð

Ég er mjög þakklátur fyrir það traust sem mér var sýnt með endurkjöri formanns á síðasta aðalfundi deildarinnar. Ég trúi á heiðarleika í starfi og þegar maður setur eitthvað gott út í kósmósið þá kemur alltaf eitthvað gott tilbaka. Við fengum líka tvo fyrrverandi leikmenn inn í stjórn í þeim Bergi Hinrikssyni og Guðmundi Ásgeirssyni. Þeir koma með reynslu og þekkingu inn í starfið sem mun hjálpa okkur mikið. Þeir komu í stað Heiðars Helgasonar og Sigurðar Gíslasonar. Mig langar líka að þakka Sigga vini mínum fyrir stórkostlegt framlag

til körfuknattleiksdeildarinnar á síðustu árum. Hann segist vera í frii frá þessu sökum eldgossins en fyrst það er búið þá getur nú ekki verið langt í að við endurheimtum drenginn. Heiðari má einnig þakka fyrir handlagin störf en hann er okkur enn innan handar sem er afar gott fyrir okkur.

Það voru blíkur á lofti fyrir þennan aðalfund og því er það okkur mikilvægt að fá þennan mikla stuðning í að halda áfram á þeirri braut sem vorum byrjuð að feta sem stjórn. Við fórum mjög jákvæð inn í veturinn og það hefur verið gaman að fylgjast með gengi liðanna í vetur og finna þennan mikla stuðning í samfélaginu okkar. Ég hef ekki ennþá hitt þann einstakling sem er ekki ánægður með hvernig allt lítur út, auglýsingar fyrir leikina, umgjörðin og andrúmsloftið.

Mig langar að þakka Agli Birgissyni fyrir frábæra vinnu í kringum samfélagsmiðlanna okkar. Við gerðum við hann samning og þið hafið séð myndirnar og vídeóin sem hann er að gera fyrir marga leikina hjá okkur, gjörsamlega stórkostlegt.

Að lokum

Með jákvæðni og óbilandi trú að leiðarljósi höldum við áfram og við ætlum okkur stóra hluti, stundum stærri en okkur tekst að klára en það er ágætis mottó að setja markið hátt. Trúin flytur fjöll og á næsta ári ætla stelpurnar að keppa um titil og strákarnir líka! Stelpurnar eru staddir rétt undir miðri deild og líta betur út með hverjum leiknum. Strákarnir eru þriðja sæti enda fóru þeir vestur og mættu ofjarli sínum og töpuðu þar sínum öðrum leik á tímabilinu. Vonandi að fall sé fararheill!

Vonandi sjáum við ykkur sem flest í HS Orku Höllinni í vetur!

Áfram Grindavík!

Ingibergur Þór,
formaður Körfuknattleiksdeildar UMFG.



Grindvíkingar

– Hvetjum okkar lið til sigurs. Áfram Grindavík!



ÞORBJÖRN HF.
Sími 420 4400 - Fax 420 4401



ÆFINGATAFLA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR GRINDAVÍKUR 2021/2022

1. og 2. Flokkur drengja (F. 2014-2015)

Þjálfari: Björgvin Hafþór Ríkharðsson

Mánudagur kl. 15:30-16:30

Fimmtudagur kl. 15:00-16:00

1. og 2. Flokkur stúlkna (F. 2014-2015)

Þjálfari: Natalia Jenný Lucic Jónsdóttir & Sædis Scheving Gunnarsdóttir

Mánudagur kl. 15:00-16:00

Föstudagur 13.30-14.30

3. og 4. Flokkur drengja (F. 2012-2013)

Þjálfari: Björgvin Hafþór Ríkharðsson

Mánudagur kl. 14:30-15:30

Miðvikudagur kl. 14:00-15:00

Föstudagur 16:00-17:00

3. og 4. Flokkur stúlkna (F. 2012-2013)

Þjálfari: Björgvin Hafþór Ríkharðsson

Þriðjudagur kl. 15:15-16:15

Miðvikudagur kl. 15:00-15:55

Föstudagur 15:00-16:00

5. og 6. Flokkur drengja (F. 2010-2011)

Þjálfari: Jóhann Þór Ólafsson & Ólafur Ólafsson

Þriðjudagur kl. 16:15-17:15

Fimmtudagur kl. 16:30-17:30

Föstudagur 16:00-17:00

Sunnudagur 12:00-13:00

5. og 6. Flokkur stúlkna (F. 2010-2011)

Þjálfari: Yngvi Gunnlaugsson

Mánudagur kl. 15:00-16:00

Þriðjudagur, kl. 16:15-17:15

Fimmtudagur kl. 15:00-16:00

Föstudagur 14:00-15:00

7. Flokkur drengja (F. 2009)

Þjálfari: Jóhann Þór Ólafsson & Ólafur Ólafsson

Þriðjudaga kl. 16:15-17:15

Fimmtudaga kl. 16:30-17:30

Föstudagur 16:00-17:00

Sunnudagur 12:00-13:00.

7. og 8. Flokkur stúlkna (F. 2008-2009)

Þjálfari: Yngvi Gunnlaugsson

Mánudagur kl. 16:30-17:30

Þriðjudagur kl. 18:30-19:30

Miðvikudagur kl. 16:00-17:00

Föstudagur 15:00-16:00

8. og 9. flokkur drengja (F. 2007-2008)

Þjálfari: Unndór Sigurðsson

Mánudagur kl. 16:00-17:00

Þriðjudagur kl. 17:15-18:30

Fimmtudagur 16:00-17:00

föstudagur 16:00-17:00

9., 10. og stúlknaflokkur (F. 2004-2007)

Þjálfari: Yngvi Gunnlaugsson

Mánudagur 17.30-18.30

Þriðjudagur kl. 17.15-18.30

Miðvikudagur kl. 17.15-18.30

Fimmtudagur 17:00-18:00

Laugardagur 13:30-14:30

10., Drengja-og Unglingaflokkur (F. 2003-2006)

Þjálfari: Nökkvi Már Jónsson & Jóhann Árni Ólafsson

Mánudagur kl. 18:30-19:45

Þriðjudagur kl. 18.30-19.45

Fimmtudagur kl. 17.45-19.00

Föstudagur kl. 15.00-16.00

Laugardagur 12:45-13:30

Afreksæfingar

Laugardagur kl. 10:00-11:00,

Sunnudagur kl. 11:00-12:00

STJÓRN

KÖRFUKNATTLEIKS- DEILDAR UMFG 2020/2021



Ingibergur Þ.
Jónasson
Formaður



Rakel Lind
Hrafnadóttir
Ritari



Haraldur
Jóhannesson
Varaformaður



Fjóla
Sigurðardóttir
Gjaldkeri



Erna Rún
Magnúsdóttir
Meðstjórnandi



Bergur
Hinriksson
Meðstjórnandi



Guðmundur
Ásgeirsson
Meðstjórnandi

Varamenn

Heiðar Helgason, Ásgeir Ásgeirsson og Páll Valur Björnsson.



Stjórn körfuknattleiksdeildar Grindavíkur 2021/2022.

UNGLINGARÁÐ 2021/2022

Smári Jökull Jónsson
formaður

Herdís Gunnlaugsdóttir
gjaldkeri

Kristjana Jónsdóttir
ritari

Aníta Björk Sveinsdóttir
meðstjórnandi

Birna Ýr Skúladóttir
meðstjórnandi

Rósa Ragnarsdóttir
meðstjórnandi

Tracy Horne
meðstjórnandi

Þuríður Gísladóttir
meðstjórnandi

Gerum tjónamat þér að kostnaðarlausu!

Tjónaskoðum fyrir öll tryggingafélög í Grindavík



Þjónusta í boði hjá Bílnet

Bílasprautun - Bílaréttingar - Tjónaskoðun - Plastviðgerðir

Sími 420 0040

Bílnet ehf. - Brekkustíg 38 - 260 Reykjanesbæ

Bílnet
BÍLASPRAUTUN & RÉTTINGAR



HS Orku Höllin er staðsett á Austurvegi 1, við hliðina á sundlaug bæjarins. Þeir sem aka Grindavíkurveginn keyra inn í bæinn eftir Víkurbrautinni ca 200 m og beygja síðan til vinstri hjá söluturninum Aðal-Braut. Þá blasir HS Orku Höllin við á vinstri hönd.

Þeir sem keyra Suðurstrandarveginn koma beint inn á Austurvegin og aka sem leið liggur framhjá tjaldestæðinu og knattspyrnusvæðinu en þá blasir HS Orku Höllin við á hægri hönd.

Leikmenn ganga inn í HS Orku Höllina um aðalinngang.

Síminn í íþróttahúsinu er 426-8244.

Forstöðumaður er Jóhann Árni Ólafsson
símar: 426-8244 **netfang:** joel@grindavik.is
Kort af bænum er að finna í símaskránni og jafnframt á vefsíðunni www.ja.is.

Gisting

Þegar fjölíðamót eru haldin er möguleiki að fá gistingu fyrir aðkomulið. Hafa skal samband við unglingaráð körfuknattleiksdeildar eða þjálfara liðs Grindavíkur.
Einnig er hægt að gista á:

Guesthouse Borg, Borgarhraun 2

300 m frá íþróttahúsinu en þar er hópum boðin gisting á hagstæðu verði.

bjorksv@hive.is www.guesthouseborg.com
Símar: 426-8685, 896-8685 og 895-8686

Hotel Volcano, Víkurbraut 58

booking@geohotel.is www.geohotel.is
421-4000

Harbor view lúxus smáhýsi

www.harborview.is 773-3993

Lágafell guesthouse og Guesthouse Grund

www.facebook.com/lagafellguesthouse
774-7477

Ef veður og aðstæður leyfa er hægt að gista á tjaldevæði bæjarins sem er staðsett við Austurveg u.þ.b. 500 m austur af HS Orku Höllinni. Þar er boðið upp á fyrsta flokks aðstöðu fyrir hjólhýsi og húsbíla.

Veitingastaðir

Veitingahúsið Salthúsið

Stamphólsvegi 2,
símar: 426-9700, 699-2665,
www.salthusid.is, salthusid@salthusid.is.

Veitingahúsið Fish house

Hafnargötu 6, sími: 426-9999.

Veitingahúsið Vör

Hafnargötu 9, sími: 426-8570.

Papa's Pizza,

Hafnargötu 7a, sími: 426-9900.

Hjá Höllu

Víkurbraut 62, sími 896 5316

Söluturninn Aðal-Braut

Víkurbraut 31, sími: 426-7222, 426-7293.

Kaffihúsið Bryggjan

Miðgarði 2, sími: 426-7100, 892-4587.

Veitingahúsið Brúin

Hafnargötu 26, sími 426-7080.

Matvöruverslanir og söluturnar

Verslunin Nettó, Víkurbraut 60.

Hérastubbur Bakari, Gerðavöllum 17.

Söluturninn Aðal-Braut, Víkurbraut 31.

Söluturninn Skeifan, Víkurbraut 60.

Afþreying

Sundlaug Grindavíkur

Austurvegi 1, sími: 426-7555.

Bláa lónið

sími: 420-8800,

www.bluelagoon.is

6 km frá Grindavíkurbæ.

Kvikan Auðlinda og menningarhús

Hafnargötu 12a

sími: 420-1190, 660-7307,

Fjór hjólaævintýri-ferðaskipuleggjandi

Tangasundi 1

Símar 857-3001, 597-5137.

Bankar og hraðbankar

Landsbankinn, Víkurbraut 56.

Heilsugæsla

Heilsugæslan í Grindavík,

Víkurbraut 62, sími: 422-0750.

Tannlæknir:

Guðmundur Pálsson

símar: 426-7321, 864-7210.

Sjúkraþjálfari UMFG:

Sreten Karimanovic

símar: 698-7244, 770-5075.



GJÖGUR HF
GRENIVÍK

Sími 561 9950

Við styðjum UMFG - Áfram Grindavík!





RE/MAX
ÉG VINN FYRIR ÞIG



Dagbjartur

Löggiltur fasteignasali

861 7507
daddi@remax.is
remax.is



„VIÐ ERUM Í DAUÐAFÆRI TIL AÐ HALDA GRINDAVÍK ÁFRAM Í FREMSTU RÖÐ SEM ÍÞRÓTTABÆ“

Nokkur tímamót urðu núna í sumar þegar Kjartan Friðrik Adólfsson lét af störfum sem formaður unglingaráðs körfuknattleiksdeildar Grindavíkur eftir 10 ára starf þar fyrir félagið. Smári Jökull Jónsson tók við formennsku á þessum tímamótum og tekur við góðu búi af Kjartani sem hafði starfað í unglingaráði ásamt nokkuð samhentum hópi á undanförunum árum. Við fengum Kjartan í spjall á þessum tímamótum og ræddum aðeins við hann um áhugann á körfuboltanum.

Ef við byrjum aðeins á þér sjálfum, hverjir eru þínir fjölskylduhagir?
„Ég er vel giftur henni Geirlaugu Geirdal og saman eigum við þrjú börn, þær Jenný Geirdal, Eddu Geirdal og lítinn engil hann Davíð Geirdal.“

Stundaðir þú sjálfur íþróttir í æsku?

„Á æskuárunum í Vestmannaeyjum lék ég mér talsvert í fótbolta. Að vísu voru engar skipulagðar æfingar á þeim tíma hjá börnum og unglimum þannig að ég keppti aldrei undir merkjum ÍBV. En við krakkarnir í hverfinu vorum dugleg að koma saman og spila innbyrðis. Fundum lítinn grasbala, þar sem peysur eða steinar voru notað sem stangir. Þá klæddist maður oftast en ekki fagurgrænni peysu og var montinn að keppa undir merkjum stórliðsins Týs.“

Kjartan flutti til Grindavíkur í byrjun mars árið 1973 í kjölfar eldgossins á Heimaey.

„Eftir að ég kom til Grindavíkur hélt ég áfram í fótbolta og keppti með Grindavík upp 2. flokk og æfði tvo vetur með meistaraflökki. Ég get ekki sleppt því að koma því að, að við urðum Suðurnesjameistarar í 2. flokki árið 1982. Ég æfði aldrei körfubolta en hið fræga skólavallargengi eyddi ófáum klukkutímum í körfubolta á skólalóðinni.“

Eins og áður segir flutti Kjartan frá Vestmannaeyjum eftir að eldgosid hófst í janúar 1973. Fyrst hafi fjölskyldan farið til Reykjavíkur en síðan endað í Grindavík.

„Húsið okkar var nýbyggt og fór nokkuð snemma undir hraun og ösku. Við vorum því eiginlega húsnæðislaus á þeim tíma. Þabbi þekkti ágætlega til hér þar sem hann hafði komið hingað á vertíðum. Okkur bauðst fljótt húsnæði og hann fékk vinnu í Vélsmiðjunni. Þannig að hér hef ég verið síðan.“

Þegar Kjartan kom inn í unglingaráð 2011 var það þó ekki í fyrsta sinn sem hann starfaði fyrir UMFG.

„Það vita það kannski ekki margir, en fyrsta aðkoma mín að störfum fyrir UMFG var 1993, þegar ég tók við sem formaður aðalstjórnar og gegndi því starfi til 1998. Ástæða þess að ég gerðist formaður var nokkuð óvænt. Á sama tíma og hið áður nefnda skólavallargengi var að leika sér í körfubolta eitt sumarkvöldið var aðalstjórn UMFG að funda á efri hæð skólans með gott útsýni yfir skólavöllinn.“

„Að þeim fundi loknum kom þáverandi formaður UMFG, Björn Birgisson, að máli við mig í miðjum leik og spurði hvort ég væri ekki til í að taka við af honum. Jafn feiminn og ég var, þá hef ég örugglega ekki getað sagt nei. Allavega var ég orðinn formaður viku seinna.“

Áhugi Kjartan á körfubolta kviknaði fyrir alvöru öðru hvoru megin við 1980 og að þá hafi Grindavík ekki verið eins stórt nafn í íþróttinni eins og í dag.

„Þeir voru sennilega í 1. deildinni með margar fræknar kempur inn-anborðs. Þá fylgdist maður mest með Njarðvík og ÍS. Áhugi minn á að starfa í kringum körfuboltann kviknaði þó ekki að fullu fyrr en 2009 þegar eldri dóttirin fór að æfa. En báðar dæturnar hafa gengið upp alla yngri flokkana og eru nú leikmenn í Subway-deildarliði Grindavíkur,

sú yngri er einnig í unglingsflokkum,“ segir Kjartan. Jenný hefur leikið vel fyrir Grindavík í Subway-deildinni til þessa en Edda hefur átt við meiðsli að stríða og ekkert getað spilað með á þessu tímabili.

„Ég kom inn í unglingsráð vorið 2011 og gekk úr því síðasta vor. Þar sem eldri dóttirin var nýbyrjuð að æfa, þá fannst mér áhugavert að fá tækifæri til að kynna út á hvað starfið gengi og fékk mér því göngutúr á fundinn. Í lok fundarins, sem var mjög áhugaverður, kom í ljós að þáverandi unglingsráð var allt að hætta og því vantaði nýtt fólk inn í ráðið.

Þar sem ég á yfirleitt erfitt með að segja nei, þegar leitað er til mín um ýmislegt félagsstarf, þá sagði ég já við því að koma nýr inn í ráðið þó það væri ekki ætlunin þegar ég tók göngutúrinn góða upp í skóla. Svo heppilega vildi líka til að vel gekk að manna stöður og vorum við einhver níu sem óðum út í óvissuna.“

Að sögn Kjartans þá snýst staða formanns unglingsráðs snúist aðallega um verkstjórn og að koma fram fyrir hönd ráðsins þegar við á.

„Starf unglingsráðs er í grunninn alla jafna ekki flókið eða átakamiklið. Í stuttu máli eru helstu verkefni ráðsins, að koma fram fyrir hönd deildarinnar, sjá um ráðningar þjálfara yngri flokka og samskipti við þá. Eiga samskipti við forstöðumann íþróttamannvirkja, samskipti við KKÍ, umsjón með mótum yngri flokka sem deildin tekur að sér að halda. Sjá um fjármál unglingsráðs, bókhald og fjárhagslegt aðhald. Annast einnig samskipti við foreldra iðkenda. En auðvitað koma margvísleg önnur mál inn á borð ráðsins, tengd yngri flokka starfi, sem tekin eru til úrlausnar.

Ýmislegt hefur breyst með tímanum en sú stærsta breytingin hjá unglingsráði varð árið 2014 þegar fyrsti launaði yfirþjálfari yngri flokka var ráðinn.

„Það létti töluvert undir starfinu. Í fljótu bragði sé ég helstu breytingarnar þær, að gæði körfuboltans, metnaður og aðstaða hefur almennt batnað til muna. Iðkendum innan deildarinnar hefur fjölgað eins og áður sagði um ca. 30%. Sérstaklega hefur breytingin orðið meiri stúlknamegin. Til þess að viðhalda fjöldanum þurfum við að hafa hæfa og metnaðarfulla þjálfara. Þjálfararnir skipta mjög miklu máli þegar viðhalda á góðu starfi. Við höfum verið lánsöm með aðgengi að góðum og hæfum þjálfurum.“

Samvinna er afar mikilvæg að mati Kjartans sem er á því að deildir UMFG eiga að vinna vel saman þegar kemur að íþróttaiðkun barna og unglinga í Grindavík.

„Samstarfið er almennt mjög gott. Því þó íþróttaiðkun barna og unglinga sé góð, og framboð íþróttarinnar gott í Grindavík, þá eru deildirnar allar að keppast um sömu einstaklingana. Ef við ofgerum krökkunum og þrýstum á þau að velja á milli íþróttgreina of snemma, þá bitnar það á öllum, ekki síst iðkendunum og leiðir hugsanlega til þess að einstakir flokkar ná ekki í lið.“

„Aðkoma foreldra að körfuboltastarfinu er mjög mikilvæg, þeir hafa veitt okkur nauðsynlegt aðhald í gegnum tíðina með ábendingum og einnig þökkum. Þeir hafa almennt verið duglegir að fylgja sínum börnum og taka þátt í starfinu, t.d. fjáröflunum og að manna unglingsráð.“

Kjartan er á því að framtíð körfuboltans í Grindavík sé björt:

„Við erum í dauðafæri til að halda Grindavík áfram í fremstu röð sem íþróttabæ. Aðstaða til körfuboltaíðkunar, bæði til æfinga og keppni hefur stórbatnað. Við erum komin með nýtt og glæsilegt íþróttahús, sem að vísu vantar herslumuninn á til að geta nýtt það til keppni í eldri flokkunum. Grindavíkurbær hefur stutt vel við UMFG og saman hafa aðilar skapað eftirtektarvert og að mörgu leyti ófundsvært æfingagjaldamódel.“

„Tækifærin liggja meðal annars í því, að hlúa áfram að yngri flokka starfinu og búa til hæfa einstaklinga bæði út í lífið sjálft og ekki síður út á körfuboltagólflið. Við þurfum líka að hlúa að meistaraflokkunum, því þeir eru „gulrótin“ og markmiðið sem yngri iðkendur líta upp til.“ Tímenn sem formaður hefur langoftast verið skemmtilegur. Starf sjálfbodaliða sé krefjandi, erilsamt og á köflum vanþakklátt en einnig mjög gefandi.

„Þó við fáum oftast að heyra neikvæðar raddir og gagnrýni, þá fáum við líka hrós og klapp á bakið, eins og t.d. frá KKÍ 2014 eftir vel heppnaða bikarúrslitahelgi yngri flokka hér í íþróttahúsinu. Við reynum alltaf að leysa úr öllum málum á sem besta veg, þó því miður geti niðurstaðan ekki alltaf verið eins og menn vonuðust eftir.“

„Í svona starfi þarf maður að vera fljótur að læra og hlusta. Læra að gagnrýni þýðir ekki endilega árás, læra að skoðun annarra geti verið rétt þó svo að þú sért ekki sammála. Læra að hvöss framsetning á skoðun getur verið vel meint.“

Kjartan segir að það sé svo alltaf ánægjulegt þegar góður árangur næst.

„Á þessum tíu árum vorum við svo lánsöm að fjöldi Íslands- og bikarmeistararitla skiluðu sér í hús. Nú síðast í stúlknaflokkum í maí síðastliðnum hjá árgöngum 2002-2005. Jafnframt hefur fjöldi leikmanna verið valdir til að spila fyrir Íslands hönd í yngri landsliðunum. Þó árangur sé ekki eingöngu mældur í titlum, þá næst árangur ekki nema með góðri samvinnu.“

„Ég vil nota tækifærið og þakka samstarfsfólki í unglingsráði, skemmtilegt samstarf og viðkyrningu. Ég vil jafnframt þakka stjórnarmönnum í aðalstjórn körfuknattleiksdeildarinnar gott samstarf.“

Þrátt fyrir að vera hættur sem formaður unglingsráðs er Kjartan þó ekki alveg sestur í helgan stein í störfum sínum fyrir UMFG því hann hefur átt sæti í aðalstjórn síðan 2015. Hann segir störfin í grunninn keimlík.

„Fyrir mig persónulega, þá er helsti munurinn sá að það er meiri „afslöppun“ að vera ekki formaður,“ segir Kjartan að lokum með bros á vör.



Kjartan hefur setið í aðalstjórn Ungmennafélags Grindavíkur undanfarin ár.



ALLIR KRAKKAR Í 1. BEKK FENGU KÖRFUBOLTA AÐ GJÖF

Krakkarnir í 1. bekk í Grunnskóla Grindavíkur fengu góða heimsókn í lok október þegar leikmenn meistaraflokka Grindavíkur komu færandi hendi. Undanfarin ár hefur unglingaráð körfuknattleiksdeildarinnar gefið öllum nemendum í 1. bekk körfubolta að gjöf. Þau Ólafur Ólafsson, Natalia Jenný Lucic Jónsdóttir, Ivan Aurrecochea og Edyta Falencyk mættu í Hópskóla og afhentu boltana. Heldur betur skemmtilegt og krakkarnir tóku brosand í móti boltunum.



HS ORKU HÖLLIN!

Körfuknattleiksdeild Grindavíkur tilkynnir með gleði í hjarta að heimavöllurinn okkar mun kallast HS Orku-höllin næstu þrjú ár hið minnsta.

Við erum ákaflega þakklát HS Orku fyrir að styðja við bakið á körfuboltanum í Grindavík með svona myndarlegum hætti. HS Orka er stórt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Grindavík og endurspeglar fyrirtækið á margan hátt kraftinn og orkuna sem býr í Grindvíkingum. Við hlökkum til að bjóða Grindvíkingum að mæta í HS Orku-höllina þegar áhorfendabanni verður aflétt. Við förum afar spennit inn í þetta aukna samstarf með HS Orku sem við erum fullviss um að verði báðum aðilum gæfuríkt! Á myndinni má sjá þá Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóra Grindavíkur og Tómas Mát Sigurðsson forstjóra HS Orku.



Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri UMFG, og Tómas Mát Sigurðsson, forstjóri HS Orku undirrituðu samning til þriggja ára.

BRAGI SKIPTIR YFIR Í HAUKA

Bragi Guðmundsson hefur haft félagaskipti yfir í Hauka og mun því leika með Hafnarfjarðarliðinu í 1. deildinni út leiktíðina. Bragi, sem er 18 ára gamall, óskaði eftir því að fá að skipta yfir í Hauka með það fyrir augum að fá aukinn leiktíma á yfirstandandi keppnistímabili. Stjórn KKD. Grindavíkur hefur orðið við bón Braga og hefur hann því haft félagaskipti yfir í Hauka.

Bragi hefur leikið tæpar 8 mínútur að meðaltali í leik í Subway-deildinni í vetur og hefur átt góðar innkomur í leiki Grindavíkur í vetur.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur óskar Braga góðs gengis með Haukum í vetur og vonumst við til að sjá hann aftur í gula búningnum með Grindavík í HS Orku Höllinni áður en lang um líður.

BRYNDÍS AÐSTOÐAR ÞORLEIF

Bryndís Gunnlaugsdóttir hefur skrifað undir árssamning við Körfuknattleiksdeild Grindavíkur og verður aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki kvenna sem leikur í efstu deild í vetur.

Bryndís er reynslumikill og góður þjálfari sem verður Þorleifi Ólafssyni til halds og traust í vetur. Bryndís kom inn í þjálfarateymið í lok síðasta tímabils en Grindavík tryggði sér sæti í efstu deild eftir frábært úrslitaeinvígi gegn Njarðvík.

Bryndís hefur komið nokkuð víða sem leikmaður og þjálfari. Hún lék með Grindavík, Breiðabliki, ÍR, Ármanni, Fjölni og Stjörnunni. Sem þjálfari hefur hún starfað hjá Stjörnunni, ÍR, Ármanni og hjá Grindavík. Bryndís sat lengi í stjórn KKI og hlaut silfurmerki sambandsins að lokinni farsælli stjórnasetu.

„Það er mikill fengur fyrir okkur hjá KKD. Grindavíkur að fá Bryndísi til starfa hjá meistaraflokki kvenna. Bryndís kom öflug inn í starfið í fyrra og við teljum okkur nú vera með frábært þjálfarateymi í þeim Lalla og Bryndísi,“ segir Ingibergur Jónasson, formaður KKD Grindavíkur.

*Til þjónustu við
sjávarútveginn og
bæjarbúa í yfir 20 ár!*

- *Bílaverkstæði*
- *Vélsmiðja*
- *Smurstöð*
- *Skoðunarstöð Frumherja*

**Áfram
Grindavík**



Seljabót3 - Sími 426 8540 - 893 6840

„ÞEIR ÞORA OG SKORA“

SAGAN Á BAKVIÐ EITT BESTA STUÐNINGSMANNALAG ALLRA TÍMA

GREIN EFTIR SIGGEIR F. ÆVARSSON

Að búa til gott stuðningsmannalag er mikil kúnt. Margir hafa spreytt sig á þessu verkefni í gegnum tíðina en fá lög, á landsvísu hreinlega, hafa fest sig jafn rækilega í sessi og lagið okkar, Og þeir skora. Greinarhöfundur var 11 ára þegar fyrri gullöld körfuboltans í Grindavík stóð yfir og fullkomnaðist með titlinum 1996. Þá voru það þrjú órjúfanlegir fastar sem allir tengdu sterkt við Grindavík: Gummi Braga, Sigga Guðlaugs og svo lagið ódauðlega, Og þeir skora. Ég settist niður með söngvara lagsins, látúsbarknum Dagbjarti Willardssyni, og við fórum aðeins yfir söguna á bakvið lagið. Kom þá á daginn að það var margt í sögunni sem greinarhöfundur hafði aldrei heyrt um.

Margir tengja þig þráðbeint við lagið, enda söngst þú það, en þú átt samt ekki heiðurinn af því að hafa samið lagið er það?

Nei, ég verð að gefa þann heiður frá mér! Hugmyndin kom frá Dunna (Innskot blm: Guðna Ölverssyni) sem var formaður körfuknattleiksdeildarinnar á sínum tíma. Hann fékk vin sinn Matthías Kristiansen til að semja lag og texta.

Ég vissi í raun ekkert af þessu öllu saman og hafði aldrei heyrt lagið þegar ég fékk símtal þar sem ég var spurður hvort ég væri til í að mæta í stúdíó og syngja stuðningsmannalag fyrir Grindavík. Þegar ég mætti voru Almar, Gummi og Tommi úr Geimförunum búnir að taka upp undirspilið og á þessum tímamarki hafði ég fyrst og fremst verið að syngja í „cover“ hljómsveitum svo að það var smá áskorun að mæta og syngja lag sem ég hafði aldrei heyrt, en ég held nú að útkoman hafi verið ágæt að lokum.

Eftir að þessar upplýsingar komu fram var ekkert annað í stöðunni en að hafa samband við Guðna og Matthías!

Guðni: Daddi er góður drengur en það er ofsögum sagt að ég hafi verið heilinn á bak við þetta. Hins vegar datt mér í hug að gaman væri að eignast gott stuðningslag. Ég fékk vin minn, Matthías Kristiansen, til þess að semja lag. Hann samdi Grindavíkurlagið á ca. 10 mínútum á kennarastofunni í Öldutúnsskóla. Hitt lagið er gamalt lag frá hljómsveitinni Who sem Gísli Ásgeirsson samdi íslenskan texta við. Það tók álíka langan tíma og Matti notaði í að semja lagið.

Hitt lagið?

Já. Við gerðum tvö lög þarna. Tókum bæði lögin á sama degi og settum þau á kassettu sem

lengi var notuð og rokseldist á sínum tíma. (Innskot blm: Matthías staðfestir að hitt lagið hafi verið ábreiða af gamla Who slagaranum Join Together)

Hitt lagið náði greinilega aldrei sama flugi og „Og þeir skora“. Við reyndum töluvert að hafa uppá þessari kassettu en höfðum ekki árangur sem erfiði. Ef einhver lesandi á eintak í geymslunni má sá hinn sami koma því á skrifstofu UMFG í Gjúanni.

En hvað hvað heitir lagið góða? Maður heyrir það jöfnum höndum kallað „Og þeir skora“ en líka einfaldlega „Grindavíkurlagið.“

Daddi: Góð spurning! Ég held að bæði nöfnin séu hreinlega jafngild, en allir þekkja „Og þeir skora“ og vita uppá hár hvaða lag það er.

Matthías: Við notuðum þessi nöfn til skiptis. „Og þeir skora“ var allavega það nafn sem ég hef í kollinum, en það var samt oftast kallað Grindavíkurlagið.

Guðni virðist hafa heldur betur hitt beint í mark þegar hann fékk Matthías vin sinn til að semja lagið okkar. Ég spurði Matthías hvort hann þetta hefði verið helber tilviljun eða hvort hann hefði verið lengi í bransanum:

Þetta var lengi hobbí hjá mér, ég samdi lög fyrir hljómsveitina Ópus veturinn 1974 sem við gáfum út, ég spilaði þá með þeim. Svo var ég á níunda áratugnum í þjóðlagasveitinni Hrímm og við gáfum út plötu og kassettu með slatta af frumsömdu efni.

Svo átti ég tvö lög á FH-plötu 1987 auk lags og tveggja texta á Breiðalblikkassettu svo ég hef samið baráttulög fyrir þrjú félög! Ég var reynd-



Daddi Willards fer fyrir magnaðri hljómsveit í sigurveislu eftir að fyrsti bikarmeistaratitill var í höfn árið 1995. Ótrúlegt band!

ar mjög tengdur þjálfara Blikanna þá og vinir mínir í FH-bandinu fengu mig með í það, en Guðni Ölvers fékk mig í UMF-G-dæmið og það er ég mjög þakklátur fyrir, gaman að hafa tekið þátt í þeirri velgengi!

Ég spurði Dadda hvort hann vissi hver leyndardómurinn á bakvið gott stuðningsmannalag væri. Það hefði þó kannski verið nær að spyrja Matthias að því!

Það er erfitt að segja. Það leggur enginn upp með að semja lélegt lag. Mörg af þessum lögum sem hafa verið samin fyrir íþróttalið á Íslandi eru voða fin og flott, mikið lagt í „production“ og jafnvel einhverjar kanónur að syngja en svo falla þau alveg flöt og gleymast strax. Ég gerði mér engan veginn grein fyrir að þetta lag myndi verða svona vinsælt og lifa svona lengi. Þetta þarf ekkert að vera flókið, nokkrir hljómar í réttari röð og einfaldur og grípandi texti og þú ert kominn með sigurformúlu.

Er ekki kominn tími á endurútgáfu? Jafnvel með uppfærðum texta sem bæði karla og kvennaliðin gætu samsamað sig við?

Matthías: Lagið var auðvitað samið á sínum tíma fyrir meistaraflokk karla, og þess vegna er textinn „Þeir skora“, en því má vitaskuld breyta að vild í nýrri útgáfu. Reyndar samdi ég eitt erindi í viðbót eftir að titillinn var í höfn 1996 og gaf Gumma Braga á lokahófinu það ár. Ég man textann því miður ekki lengur, spurning hvort að Gummi eigi það einhversstaðar í pokahorninu?

Daddi: Já það væri örugglega ekki erfitt, breyta textanum í „og þau skora“, eða jafnvel „og við skorum“ svo allir Grindvíkingar geti sungið sig inn í hlutverk stórskotaliðsins á vellinum. Svo skilst mér líka að það sé ekki til nein alvöru master upptaka af þessu úr stúdíóinu, bara gamla góða kasettan. Það væri auðvitað borðleggjandi að kalla gömlu félagana úr Geimförunum í stúdíó og taka upp smá „2022 Re-master“ útgáfu af þessari tímalaus klassík.



Daddi Willards var liðtækur korbúoltamaður á yngri árum.

Heildarlausnir fyrir sjó- og landvinnslu



Skór, stígvél, vettlingar, vinnufatnaður, hnífar, brýni, bakkar, einnota vörur o.fl.

Kassar, öskjur, arkir, pokar, filmur



Kassar læsast saman við stöflun og brettið verður stöðuga

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

LEIKMENN GRINDAVÍKUR

Í SUBWAYDEILD KARLA TÍMABILID 2021/2022

BAKVÖRÐUR
27 ÁRA
196 CM



EC MATTHEWS

BAKVÖRÐUR
18 ÁRA
194 CM



MAGNÚS ENGILL VALGEIRSSON

FRAMHERJI
24 ÁRA
195 CM



HILMIR KRISTJÁNSSON

FRAMHERJI
17 ÁRA
189 CM



ALEXANDER VEIGAR ÞORVALDSSON

FRAMHERJI
28 ÁRA
195 CM



BJÖRGVIN HAFÞÓR RÍKHARTSSON

BAKVÖRÐUR
24 ÁRA
192 CM



KRISTÓFER BREKI GYLFASSON

MIDHERJI
27 ÁRA
206 CM



JENS VALGEIR ÓSKARSSON

BAKVÖRÐUR
24 ÁRA
198 CM



KRISTINN PÁLSSON

FRAMHERJI
31 ÁRS
194 CM



ÓLAFUR ÓLAFSSON

FRAMHERJI
26 ÁRA
203 CM



IVAN AURRECOCHEA ALCOLADO

BAKVÖRÐUR
18 ÁRA
198 CM



HAFLIÐI OTTÓ RÓBERTSSON

BAKVÖRÐUR
26 ÁRA
193 CM



NAOR SHARON

BAKVÖRÐUR
17 ÁRA
182 CM



HINRIK HRAFN BERGSSON

AÐSTOÐAR-
ÞJÁLFARI
38 ÁRA



JÓHANN ÞÓR ÓLAFSSON

ÞJÁLFARI
35 ÁRA



DANÍEL GUÐNI GUÐMUNDSSON

SJÚKRA-
ÞJÁLFARI



SRETEN KARIMOVIC





OKKUR HEFUR VANT- AÐ LEIKMANN LÍKT OG IVAN

Daniel Guðni Guðmundsson er á sínu þriðja tímabili sem aðalþjálfari Grindavíkur. Karlaliðið hefur farið vel af stað í haust og er í þriðja sæti Subway-deildar karla með fimm sigra í sjö leikjum þegar þetta blað er gefið út í lok nóvember. Segja má að Daniel hafi verið nokkuð seinheppinn á tíma sínum sem þjálfari Grindavíkur en fyrstu tvö tímabil hans voru mjög lituð af Covid19 faraldrinum. Daniel vonast nú til að Grindavíkurliðið geti barist um alla þá titla sem í boði eru í íslenskum körfubolta.

Hverjar eru væntingarnar fyrir tímabilið sem er farið af stað?

Mínar væntingar hljóða í sama takti og hjá leikmannahópnum. Við viljum bæta okkar leik dag frá degi og sjá framfarir. Við ætlum að keppa um þá titla sem eru í boði, klárlega.

Ertu sáttur með leikmannahópinn sem þú ert með í höndunum núna í vetur?

Já, ég er sáttur með að halda sama kjarna af leikmönnum, frá síðasta tímabili. Með því erum við að ná að byggja ofan á þá varnar- og sóknaráherslur sem við vorum með í fyrra. Ég er einnig mjög ánægður með þá leikmenn sem gengu til liðs við okkur fyrir þetta tímabil.

Liðið er í toppbaráttunni þegar vel er liðið á fyrri umferðina. Ertu ánægður með þann brag sem hefur verið á liðinu núna fyrstu mánuði tímabilsins?

Já, miðað við þau atriði sem riðluðu okkar leikmannahóp í upphafi, þá er ég ánægður með fyrstu sex deildarleikina. Ég er þó meðvitaður um það að við þurfum að bæta okkar leik, bæði í sókn og vörn.

Ivan Aurrecochea hefur komið mjög sterkur inn í fyrstu leikjum tímabilsins. Er hann týpan af leikmanni sem okkur Grindvíkingum hefur vantað undanfarin tímabil?

Ég hef verið mjög ánægður með hans framlag. Ég tel að okkur hafi vantað leikmann líkt og hann undanfarin tímabil, allavega í þann tíma sem ég hef þjálfað liðið. Hann gefur okkur nýja dýpt og hjálpar okkur á báðum endum vallarins.

Hvaða leikmenn sérðu fyrir þér að muni koma á óvart hjá liðinu í vetur eða vera í stærra hlutverki en undanfarin ár?

Ég veit ekki hvort Breki og/eða Bjöggi séu enn að koma fólki á óvart. Þeir eru kannski ekki fyrsti kostur okkar í sókn, en þeir eru fyrstu mennirnir sem ég skrifa niður þegar ég hugsa út í hvaða mótherja ég þarf að láta dekkja. Ég var spennur fyrir því að sjá Braga skila fleiri

mínútum í vetur, og ég er sannfærður að hann hefði skilað góðu verki.

Það er búið að vera smá bras í útlendingamálunum og þá aðallega það sem snýr að bandarískum leikmanni. Hefur það reynt á þólrifin þurfa að skipta þrisvar um leikmann í haust?

Malik sem kom fyrst, olli miklum vonbrigðum. Fullt af hæfileikum en það er ekki hægt að hafa leikmenn hérna sem eru í engu formi til að spila körfubolta. Travis stóð sig vel en var ekki nákvæmlega sú týpa sem ég var að leita að. EC hefur flesta af þessum kostum sem ég er að leita að og ég hlakka til að sjá hvernig hann kemur inn í þetta hjá okkur. Vissulega hefur þetta reynt á þólrifin, sérstaklega þegar þarf að vera kenna sömu einföldu hlutina í okkar hugmyndafræði, aftur og aftur.

Öll viljum við sjá okkar ungu uppöldu leikmenn fá enn fleiri tækifæri til að láta ljós sitt skína með meistaraflokki félagsins. Sérðu fyrir þér að þeir ungu leikmenn sem eru hjá félaginu muni stíga upp í aukil hlutverk eftir því sem liður á tímabilið?

Það er alltaf möguleiki að þeir leikmenn fái einhverjar mínútur til að láta ljós sitt skína, að sjálfsögðu. Ungu leikmennirnir okkar hafa staðið sig vel á æfingum undanfarið og ég sé stöðugar framfarir hjá þeim.

Bragi Guðmundsson ákvað að skipta yfir í Hauka fyrir lok félagskipta gluggans. Ertu svekktur með að missa Braga frá félaginu á þessum tímapunkti?

Já ég er gríðarlega svekktur að missa hann frá okkur. Eins og ég kom að hér áður í viðtalinu, þá væri gaman að sjá hann í áfram með okkur þar sem hann er búinn að bæta sig mikið. Vonandi fær hann flottar og margar mínútur hjá toppliði Hauka og óskandi að hann fái stórt hlutverk hjá þeim.

Sérðu fyrir þér að bæta eitthvað í hópinn eftir áramót þegar glugginn opnar á ný?

Já, mögulega. Við höfum séð undanfarið að við getum átt í erfiðleikum með framherjastöðuna okkar þegar meidsli gera vart við sig eða þegar við lendum í villuvandræðum. Svo það er eitthvað til að hugsa um.

Eitthvað annað að lokum sem þú vilt koma á framfæri?

Ég vil endilega sjá áframhaldandi góða mætingu í stúkuna og góðan stuðning! Áfram Grindavík!



Björgvin Hafþór Ríkharðsson er á sínu þriðja tímabili sem leikmaður Grindavíkur. Hann kemur upprunalega frá Borgarnesi en kann vel við sig í Grindavík og hefur stimplað sig rækilega inn í leikmannahópinn hjá Grindavík. Björgvin getur á góðum degi verið einn besti varnarmaður deildarinnar og átti frábæra kafla með liði Grindavíkur á síðasta tímabili. Í sumar breytti Björgvin aðeins til og lék með liði GG í 4. deildinni í fótbolta þar sem okkar maður fór á kostum enda áttu varnarmenn í liða andstæðinganna fá svör við ótrúlegum hraða Björgvins. Við fengum Bjögga í smá spjall um tímabilið og lið Grindavíkur í ár.

Hvar byrjaðir þú að æfa körfubolta og hvar hefur þú spilað á þínum ferli?

Ég ólst upp í Borgarnesi og spilaði upp yngri flokkana þar. Fluttist svo í Grafarvog og spilaði 4 ár með Fjölni. Ég er á mínu þriðja tímabili í Grindavík og kann mjög vel við mig hér. Fyrstu tvö árin voru mjög góð fyrir utan að þetta eru tvö Covid-tímabil. Ég ætla að vona að þetta ár fari sem minnst fyrir veirunni.

Hvernig metur þú liðið hjá Grindavík í ár miðað við fyrri tvö árin? Við erum klárlega samkeppnishæfir um að berjast um alla titla sem

eru í boði í ár. Við erum með góðan íslenskan kjarna af leikmönnum og svo erlenda leikmenn sem passa vel með og gera liðið mjög gott. Deildin er klárlega orðin sterkari því það er auðveldara að ná sér í leikmenn erlendis frá.

Nú byrjaðir þú að þjálfra yngri flokka hjá Grindavík í haust, hvernig kanntu við það?

Það er bara gaman að þjálfra þessi yngstu. Ég tek bara eitt ár í einu í þjálfuninni en það getur vel verið að maður verði áfram í þeim bransa.

Fylgist þú mikið með NBA?

Ég hef aldrei farið á leik en hef fylgst með þessu í gegnum tölvuna. Ég hef verið í NBA-fantasy leiknum í gegnum árin og þá fylgist maður betur með. Ég verð að segja að ég held með Phoenix Suns þar sem Steve Nash hefur alltaf verið minn uppáhalds leikmaður og hann gerði garðinn frægan þar.

Eru einhver skilaboð til stuðningsmanna Grindavíkur að lokum?

Vera dugleg að mæta á leiki og styðja okkur og við sjáum hverju það skilar okkur í vetur.



LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA



ÍSFELL
Pekking og þjónusta



VEIÐAR



IÐNAÐUR



FISKELDI



ÖRYGGI



ALLT TIL FISKVEIÐA

Ísfell er leiðandi fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu og sölu á útgerðarvörum, björgunarvörum, bindivörum, híflausnum og ýmsum rekstrarvörum.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28, Hafnarfjörður, s: 5 200 500, isfell@isfell.is, isfell.is

KOLEFNISJAFNAÐU ELDSNEYTISKAUPIN

Skráðu þig á olis.is

olis



Olís - í samstarfi við Landgræðsluna



„ÞAÐ ER EINHVER ÁRA
YFIR LIÐINU
Í VETUR“

Landsliðsmaðurinn og fyrirlíði Grindavíkur, Ólafur Ólafsson, er í nokkuð breyttu hlutverki hjá Grindavík nú en síðustu tímabil. Ólafur, sem sjálfur er örverpi úr risastórri körfuboltafjölskyldu, er allt í einu orðinn elsti og reynslumesti leikmaðurinn í hópnum. Þrátt fyrir að vera strangt til tekið öldungurinn í hópnum er Óli enn á besta aldri, fæddur 1990 og rétt að verða 31 árs núna í lok nóvember.

Óli á klárlega nóg eftir af ferlinum, eða svo lengi sem skrokkurinn heldur eins og hann segir sjálfur. Óli var lengi þekktur sem mikill há-loftafugl sem tróð boltanum gjarnan með tilþrifum, en spekingarnir segja að Óli geti ekki lengur troðið. Er eitthvað til í því?

Alls ekki. Ég get auðveldlega troðið en maður sparar það svölitið í dag. Ég vel einfaldlega að eyða orkunni í annað. Ég held að fólk geri sér ekki alltaf grein fyrir því hvað það útheimtir mikla orku að spila 30 plús mínútur í leik í efstu deild. Ég tala nú ekki um þegar maður fær það hlutverk að dekkja og djöflast í stærri og þyngri leikmönnum lungan úr leiknum. Maður er orðinn skynsamri með aldrinum og reynslunni, og keyrir orkuna í botn þegar virkilega ríður á.

Talandi um aldur og reynslu. Eftir að gömlu sleðarnir hættu þá ert þú allt í einu orðinn elstur í liðinu. Þú hefur verið fyrirlíði áður en þetta er kannski fyrsta „alvöru“ tímabilið þar sem þú þarft að taka fulla ábyrgð sem leiðtogi og reynslubolti. Hvernig ertu að finna þig í þessu hlutverki?

Já, þetta er öðruvísi en áður og maður er bara að finna sig í þessu og líka að gera þetta á eigin forsendum. Ég held að margir, og jafnvel ég sjálfur, hafi haldið að ég yrði samskonar týpa af fyrirlíða og Lalli bróðir. En hann er rosalega „vocal“ týpa sem lætur alla heyra það og hættir aldrei að rífa kjaft. Ég er meira fyrir að láta verkin tala. Mér finnst ég ekki geta verið eitthvað að öskra á menn og skamma en klúðra svo sömu hlutum sjálfur. Þannig að ég reyni að sýna gott fordæmi, bæði í leikjum og æfingum, og mér sýnist að það sé að virka vel. Menn bera virðingu fyrir því sem ég er að gera og það er góður andi í hópnum. Æfingarnar í haust hafa verið mjög góðar, það er meiri „harka“ án þess að menn séu eitthvað að slást eða rífast, en menn láta hvern annan heyra það og halda öllum á tánum. Það er einhver önnur orka yfir þessu en síðustu ár, og það sést á vellinum.

Já Lalli bróðir þinn var vissulega afgerandi týpa sem leikmaður! En þú ert náttúrulega úr rosalegri körfuboltafjölskyldu. Báðir bræður þínir fyrrum leikmenn og nú þjálfarar, systir ykkar líka fyrrum leikmaður og pabbi ykkar. Já og Ólöf Helga frænka ykkar. Það eru sennilega engar ýkjur að segja að þú hafir fengið körfuboltaáhugann með móðurmjólkinni. Kemst eitthvað annað að en körfubolti í fjölskylduboðum?

Já það er mesta furða. Auðvitað ræðum við eitthvað um körfuboltann, hvað er í gangi og hvað er framundan og svona, en við tökum líka bara smá breik frá körfunni. Ræðum um pólitík og svona! En svo er mágur minn Valsari og tengdó Keflvíkingur, svo að þetta verða oft fjórugar umræður þegar við komumst í girinn.

Hver af ykkur bræðrum er tapsárastur?

Við erum í raun allir drullu tapsárir og miklir keppnismenn. Þegar við tökum í spil eða álíka þá snýst þetta svölitið um hver nær að æsa hvern upp. Bræður mínir voru sérfræðingar í þessu þegar ég var yngri og gerðu mig oft alveg brjáláðan.

Mér skilst að körfuboltinn hafi varla stoppað á götunni á Glæsivöllunum hér í den? Voruð þið mikið að takast á þar?

Já það er rétt, en ég er svo miklu yngri en þeir að ég fékk í mesta lagi að vera með í asna eða 21. En núna tæki ég þá báða 1-1, engin spurning.

Lalli átti nú eitthvað af landsleikjum, en þú ert löngu búinn að toppa hann, ert að detta í 50 leiki sýnist mér. Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig sem leikmann að leika með landsliði Íslands? Ertu alltaf jafn klár í þessi verkefni, jafnvel þó það sé marga klukkutíma ferðalag til



Rússlands um hávetur framundan eins og núna?

Það er alltaf heiður að fá að spila fyrir Íslands hönd. Maður er alltaf klár þegar kallið kemur, það er bara þannig.

Nú ert þú að þjálfra þrjá árganga með Jóhanni bróður þínum. Svo er Lalli að þjálfra meistaraflokk kvenna. Er þriðji bróðirinn að fara að festa sig í sessi sem þjálfari þegar fram líða stundir?

Já ég er að þjálfra 5., 6. og 7. flokk með Jóa núna og þetta er mikill skóli. Ég er svölitið bara að reyna að læra af honum, hann er náttúrulega orðinn hokinn af reynslu í þessu. Það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég tók við 3. og 4. bekk á miðju tímabili í fyrra og það var svölitið beint í djúpu laugina og mér leist eiginlega ekkert á þetta! En ég útiloka ekkert varðandi þjálfun á þessum tímapunkti.

Það er eiginlega ekki hægt að taka svona viðtal við Óla án þess að spyrja út í atvinnumennskuna, en hann spilað tímabilið 2015-16 með St. Clement í NM2 deildinni í Frakklandi. Hvernig var atvinnumennskan, og kitlar ekkert að reyna að komast út aftur?

Atvinnumennskan var geggjúð. Við vorum í litlum og kósý bæ, þurftum ekki að hafa áhyggjur af neinu, vorum bara tvö ég og Katrín. Þetta var bara rosalega næs. Þetta voru ekki neindir rosalegir peningar en maður átti samt alltaf afgang í lok mánaðar, því það kostaði bara svo miklu minna að lifa þarna heldur en hérna heima. En atvinnumennskan er rosalegt hark, og núna þegar maður er kominn með tvö börn þá þarf maður að hugsa þetta út frá svo mörgum hliðum sem maður þæli ekkert í þegar maður er ungur og barnlaus. En ef það kæmi upp eitthvað spennandi dæmi, sem hentaði allri fjölskyldunni, þá myndi maður örugglega stökkva á það.

Mér stóð reyndar til boða að fara til Svíþjóðar fyrir nokkrum árum, til Norköpping. En þeir keyra þetta á mjög litlum peningum, það er varla atvinnumennska svo að ég afþakkaði það. Þeir urðu svo sænskir meistara þá tímabilið svo að ég missti af því á ferilskrána!

Svona að lokum, eru einhver skilaboð til grindvískra körfuboltaunnenda sem þú vilt koma á framfæri?

Við förum örugglega ekki í gegnum þetta tímabil með einn tapleik. Það er miklu auðveldara að vera stuðningsmaður þegar vel gengur en ég vil bara hvetja fólk til að halda í jákvæðnina, og styðja liðið á uppbyggilegan hátt í gegnum súrt og sætt. Það er einhver ára yfir þessu í dag, hlutirnir eru að detta með okkur og vonandi höldum við bara í það. Væntingarnar utan frá eru engar, það eru allir að bíða eftir að það klikki eitthvað hjá okkur og það komi einhver taphrina. Við ætlum auðvitað ekki að láta það gerast.

Svo vil ég bara hvetja alla til að mæta á völlinn, og þeir sem komast ekki á völlinn geta stillt inn á Grindavík TV. Það er frábært framtak en auðvitað viljum við fá fullt hús og brjáláða stemmingu í alla leiki. Þannig verður þetta bara svo miklu skemmtilegra.

LEIKMENN GRINDAVÍKUR

Í SUBWAYDEILD KVENNA TÍMABÍLIÐ 2021/2022

BAKVÖRÐUR
17 ÁRA
170 CM



APENA ÞÓRDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR

FRAMHERJI
19 ÁRA
174 CM



THEA ÓLAFÍA LUCIC JÓNSDÓTTIR

BAKVÖRÐUR
22 ÁRA
165 CM



SÆDÍS GUNNARSDÓTTIR

MÍÐHERJI
20 ÁRA
175 CM



ARNA SIF ELÍASDÓTTIR

BAKVÖRÐUR
19 ÁRA
164 CM



ANNA MARGRÉT LUCIC JÓNSDÓTTIR

FRAMHERJI
28 ÁRA
180 CM



EDYTA EWA FALENCZYK

FRAMHERJI
19 ÁRA
177 CM



JENNÝ GEIRDAL KJARTANSDÓTTIR

BAKVÖRÐUR
19 ÁRA
165 CM



NATALÍA JENNÝ LUCIC JÓNSDÓTTIR

FRAMHERJI
16 ÁRA
186 CM



EDDA GEIRDAL

BAKVÖRÐUR
24 ÁRA
170 CM



ROBBI RYAN

BAKVÖRÐUR
17 ÁRA
177 CM



HEKLA EIK NÖKKVADÓTTIR

BAKVÖRÐUR
20 ÁRA
170 CM



VIGDÍS MARÍA ÞÓRHALLSDÓTTIR

BAKVÖRÐUR
18 ÁRA
173 CM



HULDA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR

ÁÐSTOÐARÞJÁLFARI
41 ÁRS



BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR

ÞJÁLFARI
37 ÁRA



ÞORLEIFUR ÓLAFSSON

SJÚKRA-
ÞJÁLFARI



SRETEN KARIMANOVIC





„LIÐSHEILDIN Á AÐ VERA Í AÐALHLUTVERKI“

Þorleifur Ólafsson tók við sem þjálfari hjá kvennaliði Grindavíkur núna í sumar og er að þjálfa í fyrsta sinn sem aðalþjálfari í meistara-flokki. Þorleifur, eða Lalli eins og hann er jafnan kallaður, er einn sigursælasti leikmaður í körfuboltasögu Grindavíkur. Hann vann tvívegis Íslandsmeistaratitilinn sem leikmaður og seinna skiptið sem fyrirliði liðsins árið 2013. Lalli er að stíga sín fyrstu skref sem aðalþjálfari en lið Grindavíkur vann sig upp í úrvalsdeildina á síðustu leiktíð undir stjórn Ólafar Helgu Pálsdóttur. Lalli segir markmið vetrarins að festa ungt og spennandi lið Grindavíkur í sessi í efstu deild. Hann tekur við góðu búi frá Ólöfu frænku sinni og kveðst mjög spenntur fyrir næstu mánuðum á tímabilinu.

„Ég er mjög sáttur með leikmannahópinn okkar. Stelpurnar sem voru í fyrra eru að standa sig mjög vel og eru að aðlagast efstu deild nokkuð vel. Þær hafa bætt sig mikið og eiga mikið inn,“ segir Lalli.

Hvernig leikstíl sérðu fyrir þér að þróast hjá liðinu í vetur og á næstu árum?

Ég legg mikið upp með að við séum að spila sem lið á báðum endum vallarins. Ég er með ákveðnar áherslur sem eru nýjar fyrir þeim. Það hefur gengið vel að koma þeim inn og gaman þegar áhuginn til að læra er til staðar hjá leikmönnum.

Hvaða leikmenn sérðu fyrir þér að verði í stóru hlutverki hjá liðinu í vetur?

Það er enginn einn leikmaður sem ég vil taka út og benda sérstaklega á. Ég vil sjá að liðið sé í aðalhlutverki og að einstaklingurinn fái að njóta sín innan liðsins.

Hvaða leikmenn munu koma á óvart í liði Grindavíkur í vetur?

Ég trúi að lið Grindavíkur eigi eftir að koma á óvart í vetur. Það eru margar stelpur innan liðsins sem eru að taka góðum framförum og geta orðið mjög góðar.

Þú ert með Bryndísi Gunnlaugsdóttur með þér sem aðstoðarþjálfara í vetur. Hvernig myndir þú lýsa ykkur sem þjálfarateymi?

Samstarf okkar er nýtt og ennþá að þróast. Við erum að læra inn á hvort annað þar að leiðandi erfitt að lýsa okkur sem teymi. Eins og málin hafa þróast þá vinnum við vel saman og leggjum mikla áherslu á að hver og einn leikmaður innan liðsins sé tilbúinn að taka ábyrgð.

Þú varst að aðstoðarþjálfari hjá karlaliðinu á síðustu leiktíð. Er mikil breyting að vera nú orðinn aðalþjálfari hjá kvennaliðinu?

Þetta er allt annar leikur. Það er miklu meiri vinna að vera aðalþjálfari og ótrúlega mikið sem þarf að hugsa um sem ég gerði ekki sem aðstoðarþjálfari. Ég ber alla ábyrgð á gengi liðsins.

Þú sýndir því mikinn áhuga á að taka við kvennaliðinu í vor og gerðir þriggja ára samning. Var það rökrétt skref að fara út í þjálfun að leikmannaverli loknum?

Ég hugsaði ekki mikið út í þjálfun þegar ég var leikmaður. Þegar þetta kom upp þá fann ég fyrir miklum áhuga að taka við liðinu. Hugsaði ekki mikið um það heldur stökk á þetta verkefni og sé ekki eftir því.

Þú tókst fram skóna á síðasta tímabili og áttir fina spretti. Sumir vilja meina að þú eigir nóg eftir sem leikmaður. Eru skórnir alveg örugglega komnir á hilluna?

Þeir eru aldrei alveg komnir upp á hillu. Sem betur fer þá gengur vel hjá körlunum þannig að vonandi geta skórnir verið uppi á hillunni góðu.

Eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri við stuðningsmenn Grindavíkur?

Grindavíkurlíðið er gott og á eftir að verða betra. Skemmtilegir hlutir að gerast sem gaman er að fylgjast með. Hvet ég því alla stuðningsmenn að koma á völlinn til að hvetja liðið áfram.

„VIÐ ERUM AÐ BÆTA OKKUR“

Arna Sif Elíasdóttir er fædd árið 2001 sem gerir hana eina af elstu leikmönnum liðsins. Það segir kannski margt um það hversu ungur hópurinn okkar í Subway-deildinni er í vetur þegar tvítugur leikmaður er ein af öldungum hópsins. Arna er uppálin hjá félaginu, miðherji á pappírnum en hika ekki við að láta þristunum rigna þegar hún kemst í opin færi. Arna er í mikilvægu hlutverki í okkar unga og efnilega liði, gríðarlega öflugur varnarmaður og skilur alltaf allt sitt eftir á vellið fyrir félagið. Við fengum Örnú til að svara nokkrum spurningum um körfuboltann og ýmislegt fleira.

Hvernig finnst þú tímabilið farið af stað fyrir liðið? Mér finnst tímabilið hafa farið þokkalega af stað fyrir okkur, erum að bæta okkur mikið sem lið þó að niðurstöður leikjanna sýni það kannski ekki alveg.

Hvað er helsti munurinn á því að spila í efstu deild og 1. deild? Munurinn á þessum deildum er mikill. Töluvert sterkari, stærri og betri leikmenn eru í efstu deild. Varnarleikurinn er harðari í efstu deild sem gerir þetta samt ennþá skemmtilegra.

Hvernig er svo stemningin í og markmið liðsins? Stemningin er góð náum vel saman, markmiðin okkar eru svona helst að bæta okkur með hverjum degi og hverjum leik sem við spilum.

Hver eru þín markmið í vetur og svo í framhaldinu í körfuboltanum? Markmiðin mín í vetur eru að gera allt sem ég get gert fyrir liðið mitt til að bæta okkur, vil skilja allt sem ég hef eftir á vellið og hafa gaman.

Þú spilar með höfuðband. Er það eftir að hafa hlotið höfuðmeiðslu fyrr á ferlinum? Já ég fékk heilahristing í leik fyrir 3 árum, hef reglulega eftir það fengið höfuðhögg sem hafa sent mig í mislangar pásur. Fékk bandið svo að ég geti varið gagnaugað báðum megin fyrir höggum.

Þorleifur tók við liðinu í sumar. Hvernig finnst þér að spila fyrir hann og Bryndísi? Finnst það geggjað. Fýla þau bæði í botn og metnaðurinn í þeim er mikill.

Fullt nafn: Arna Sif Elíasdóttir

Gælunafn: Hef ekkert gælunafn

Aldur: 20 ára

Hvenær lékstu þinn fyrsta leik með meistaraflokki: Minnr að það hafi verið 2016

Uppáhalds drykkur: Red Bull

Uppáhalds matsölustaður: Dominos

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Dexter eða Game of Thrones

Uppáhalds tónlistarmaður: The Weeknd

Hvað viltu í bragðarefinn þinn: Oreó, Kókudeig og Smarties

Besti leikmaður sem þú hefur mætt: Uuu Carmen Tayson mætti henni þegar að hún spilaði



ARNA SIF ELÍASDÓTTIR

með Njarðvík 2016-2017

Besti þjálfari sem hefur þjálfað þig: Úff veit ekki hver það ætti að vera. Mest óþolandi leikmaður sem þú hefur mætt: Kaninn sem var í Njarðvík síðasta tímabili; Chelsea Nacole

Sætasti sigurinn: Sigurinn á Njarðvík í síðasta leiknum í úrslitakeppninni í fyrra, að koma til baka eftir að vera 2-0 undir í seríunni og vinna svo 3-2 var geggjað. Mestu vonbrigðin: Tapa í 4 liða í bikarnum í stúlknaflokki á móti KR fyrir 2 árum.

Uppáhalds lið í NBA: Lakers

Ef þú fengir að velja einn leikmann úr öðru íslensku liði í þitt lið: Helena Sverrisdóttir

Hver er skemmtilegastur í klefanum: Verð að gefa Sædís þann heiður en margar sem koma til greina

Uppáhalds staður á Íslandi: Akureyri

Hvað er það síðasta sem þú gerir áður en þú ferð að sofa: Kíkja í símann minn

Fyrir utan körfubolta, fylgist þú með öðrum íþróttum: Sko ekki beint en fylgist mikið með fimleikum og dýfingum þegar að það eru Ólympíuleikar.

Í hvernig körfuboltaskóm spilar þú: LeBron 18

Í hverju varstu/ertu lélegastur í skóla: Held að Stærðfræðin taki það

Hvaða þrjá leikmenn tækir þú með þér á eyðieyju: Sædís, Heklu og Huldu gæti orðið eitthvað skrautlegt ævintýri.

Hverju laugstu síðast: Sagði við Lalla að ég væri heil á æfingu þegar hann spurði hvort ég væri í lagi

Hvað er leiðinlegast að gera á æfingum: Sendingaræfingar þar sem það þarf virkilega að fylgjast með svo maður fái ekki boltann í hausinn

EPS umbúðir



Ferskleikinn í fyrirrúmi

Frauðkassar - Bakkar - Ísmottur - Kassableiur - Vörubretti


TEMPRA
einangrun - umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

Hertz®

LANGTÍMALEIGA



Langtímaleiga

Með langtímaleigu Hertz getur þú áhyggjulaus einbeitt þér að því sem skiptir þig mestu máli

Sími 522 44 00 | hertz@hertz.is | hertz.is/langtimaleiga



„KOM HINGAÐ TIL AÐ VAXA SEM LEIKMAÐUR OG EINSTAKLINGUR“

Robbi Ryan frá Bandaríkjum er í stóru hlutverki hjá kvennaliði Grindavíkur í vetur. Ryan leikur stöðu bakvarðar og er henni ætlað að stýra sóknarleiknum - hlutverk sem henni ferst ágætlega úr hendi. Ryan hefur verið að finna betri takt í Grindavíkurliðinu eftir því sem að liðið hefur á tímabilið og er hún með 24 stig að meðaltali í leik. Ryan er 24 ára gömul og kemur frá Wyoming ríki í Bandaríkjunum. Hún lék með Arizona State háskólanum ásamt því að ljúka prófi í sálfræði og meistaraþrófi í kennslufræðum. Ryan er glaðbeittur töffari og húðflúrinn sem hún skartar ættu ekki að hafa farið framhjá stuðningsmönnum Grindavíkur. Við fengum Ryan til að svara nokkrum spurningum um körfuboltann og lífið á Íslandi.

Hvernig finnst þér tímabilið hafa farið af stað hjá þér og liðinu?

Tímabilið er búið að vera mjög skemmtilegt. Ég er sífellt að kynnast liðsfélagunum og fólkinu í kringum körfuboltann í Grindavík betur þannig að ég er spennit fyrir komandi mánuðum.

Hvað fór í gegnum huga þinn þegar þér gafst

tækifæri á að koma til Íslands að spila körfubolta?

Ég vissi ekkert um körfuboltann á Íslandi áður en ég kom hingað. Ég var mjög spennit fyrir þessu tækifæri að koma hingað til lands og spila körfubolta sem atvinnumaður. Þetta er frábært tækifæri fyrir mig til að vaxa bæði sem leikmaður en ekki síst sem einstaklingur. Ég er nú þegar búin að eignast marga vini í liðinu og allir í kringum körfuboltann í Grindavík eru mjög vinalegir, sem hefur hjálpað mér að aðlagast. Erfiðasti hlutinn er fjarlægðin frá fjölskyldu og vinum ásamt tímamismuninum við Bandaríkin.

Þú ert í stóru hlutverki í liði Grindavíkur í vetur. Ertu von því að vera í svona leiðtogahlutverki?

Já - ég hef verið í svipuðu hlutverki áður á mínum ferli. Það er hægt að leiða lið áfram á margan hátt, hvort sem það er líkamleg tjáning á vellinum, með því að taka af skarið eða hafa mikinn talanda inn á vellinum. Ég vil leiða með góðu fordæmi fyrir mína liðsfélaga, vera hvetjandi og hjálpa mínu liði.

Hver eru markmiðin hjá þér og liðinu á leiktíðinni?

Ég er með sömu markmið fyrir mig persónu-

lega og fyrir liðið. Ég vil vaxa með liðinu og við munum reyna að bæta okkur leik frá leik.

Hvernig líkar þér lífið hér í Grindavík?

Grindavík er frábær bær og fólkið hér er mjög vinkjarnlegt. Eftir að hafa búið hér í nokkra mánuði þá er eini ókosturinn við bæinn hvað allt lokar snemma - sérstaklega þegar ég verð svöng á kvöldin!

Hefur þú verið dugleg að skoða íslenska náttúru í frítíma þínum hér á landi?

Ég elska að vera utandyra og skoða náttúruna. Ég hef reynt að skoða eins mikið og ég hef haft tíma til. Náttúra Íslands er ótrúleg. Ég er búin að vera dugleg að skoða fossa ásamt því að fara Gullna hringinn og auðvitað í Bláa lónið, nokkrum sinnum.

Að lokum - einhver sérstök skilaboð til stuðningsmanna Grindavíkur?

Takk kærlega fyrir stuðninginn! Ég hef fundið fyrir mikilli gestrisni og velvilja síðan ég kom hingað og samfélagið hér er frábært. Stuðningurinn sem ég fæ frá fólkinu í Grindavík hjálpar verulega - sérstaklega þar sem ég er mjög langt frá mínum heimaslóðum. Áfram Grindavík!



**STYÐJUM STOLT
VIÐ KÖRFUBOLTANN
Í GRINDAVÍK**



Arnbór Rafvirkjameistari
Sími: 697 5558
Þorleifur Vélfræðingur
Sími: 848 8207

VÍKURAFLL EHF
GRINDAVÍK



Jón og Margeir
Áfram Grindavík!

„AUKUM JÁKVÆÐNI INNAN OKKAR VÉBANDA“

Yngvi Páll Gunnlaugsson tók við sem yfirþjálfari yngri flokka hjá Körfuknattleiksdeild Grindavíkur núna í sumari. Óhætt er að segja að Yngvi kom vel inn í starfið hér í Grindavík en hann hefur mikla reynslu úr þjálfun og hefur þjálfað nokkur félög í meistara-flokki. Hann kemur því með drjúga reynslu inn í þetta starf hér í Grindavík. Við fengum Yngva til að svara nokkrum spurningum um sinn bakgrunn, starfið í yngri flokkum hér í Grindavík og framtíð körfuboltans.

Þú tókst við sem yfirþjálfari körfuknattleiksdeildar Grindavíkur núna í lok sumars. Hvernig hafa fyrstu mánuðir verið í þessu nýja starfi?

Ég tók til starfa frekar seint í sumari svo fyrstu mánuðirnir hafa verið mjög annasamir og lærdómsríkir, en jafnframt ánægjulegir. Hér gott fólk og mikill metnaður þannig að ég hef notið mín vel. Ég hafði gegnt sambærilegu starfi hjá Vestra á Ísafirði en þar var ég í fullu starfi ásamt því að vera meistaraflokksþjálfari karla.

Förum aðeins yfir þinn bakgrunn: Hvaðan kemur þú, hverjir eru fjölskylduhagir og hver er þinn bakgrunnur í körfuboltanum?

Eiginkona mín er Guðrún Helga Guðmundsdóttir, borin og barnfæddur Grindvíkingur og saman eigum við þrjú yndisleg börn. Sjálfur ólst ég upp fyrstu árin á höfuðborgarsvæðinu en flutti vestur á Tálknafjörð þegar ég var 11 ára. Þar má segja að ég hafi smitast af körfubolta bakteríunni sem ég hef verið haldin allar götur síðan og leitt mig víða. Ég er Valsari að upplagi en auk þess að hafa verið í Val þá hef ég líka verið í Skallagrími, Haukum, Breiðabliki, KR, Vestra og Njarðvík.

Hvað finnst þér vera vel gert í yngri flokka starfinu hjá Grindavík og hvað langar þig til að bæta?

Helsti styrkur félagsins er hefð, þekking og stolt. Við höfum verið svo heppin að hér hafa margir góðir þjálfarar komið að málum löngu áður en ég kom inn í félagið og margir góðir leikmenn, og eru enn. Við þurfum fyrst og fremst að halda áfram þeirri góðu vinnu sem hefur verið unnin undanfarna áratugi. Við verðum að stuðla að jákvæðni innan okkar vébanda og aðlaga okkur að aðstæðum þar sem aukin áhersla hefur verið á líkamlega þáttinn og auknar tækniafingar, sér í lagi hjá eldri iðkendum.

Hvernig hefur samstarfið með þjálfurum deildarinnar í haust gengið?

Við erum með skemmtilega blöndu af reyndum þjálfurum og einnig yngri og reynsluminni sem eru mjög áhuga- og samvissusamir í sínum störfum. Samstarfið hefur verið ánægjulegt, skemmtilegt og mikil metnaður fyrir þeirri vinnu sem er í gangi.

Hvaða tilfinningu hefur þú fyrir þeim árgögnum sem eru að koma upp núna á næstu árum hjá félaginu? Er margir efnilegir leikmenn á leiðinni upp í meistaraflokka félagsins?

Það eru margir mjög áhugaverðir árgangar að koma upp, bæði fjölmennir og getulega góðir. Ég kvíði allavega ekki framtíðinni fyrir hönd félagsins. Nú þegar erum með unga og efnilega leikmenn, bæði stráka og stelpur, sem eru annaðhvort að spila stórt hlutverk í meistaraflokki eða styttest í að þeir fari að banka á dyrnar.

Hvernig metur þú aðstöðuna sem félagið býr yfir? Sérð þú svið í aðstöðu félagsins sem þyrfti að bæta í til að efla enn frekar íþróttastarf félagsins?

Aðstaðan sem við búum yfir í Grindavík er ein sú besta sem þekkest á landinu, ef ekki sú besta til að stunda körfubolta. Í raun er ég ennþá að reyna að átta mig á þeim möguleikum sem aðstaðan býður upp til þess að við getum hlúð að okkar iðkendum eftir fremsta megni. Það eru margar hugmyndir uppi hvernig við getum komið starfinu á þann stall sem við viljum hafa það. Kannski má segja að við höfum tekið eitt skref aftur á bak til að geta tekið tvö áfram á næstu árum.

Hver eru þau heilræði sem þú myndir vilja gefa ungum og metnaðargjörnum íþróttamönnum sem vilja skara fram úr?

Ungur leikmaður þarf að sýna aga, ábyrgð, jákvæðni og vinnusemi. Þannig eru þeim allir vegir færir.

Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Hér í Grindavík búum við við ótrúleg forréttindi og tækifæri, sér í lagi þegar kemur að íþróttaiðkun barna. Stuðningur bæjarins og fyrirtækja við íþróttir er að einhverju leyti einstakur á landsvísi og því getum við verið stolt af. Þannig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem koma að starfinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir og sendi þeim bestu kveðjur.

Grindvíkingar!

Mætum í HS Orku Höllina



Lagnapjónusta Suðurnesja ehf.

868 8719 & 896 6691

Nýlagnir - Endurlagnir - Stíflupjónusta - Skolpmyndavél

Þorfinnur 868 8719 - Rúnar 896 6691



Subwaydeild kvenna

06-10-2021 19:15	Grindavík 69 : 94 Valur
10-10-2021 18:15	Breiðablik 69 : 83 Grindavík
13-10-2021 20:15	Grindavík 58 : 67 Njarðvík
20-10-2021 20:15	Keflavík 105 : 85 Grindavík
24-10-2021 19:15	Grindavík 50 : 84 Haukar
27-10-2021 20:15	Fjölnir 89 : 84 Grindavík
03-11-2021 19:15	Grindavík 88 : 61 Skallagrímur
21-11-2021 16:00	Valur 95 : 61 Grindavík
24-11-2021 18:15	Grindavík - Breiðablik
01-12-2021 20:15	Njarðvík - Grindavík
05-12-2021 20:15	Grindavík - Keflavík
08-12-2021 18:00	Haukar - Grindavík
15-12-2021 19:45	Grindavík - Fjölnir
30-12-2021 18:15	Skallagrímur - Grindavík
05-01-2022 19:15	Grindavík - Valur
19-01-2022 19:15	Breiðablik - Grindavík
26-01-2022 19:15	Grindavík - Njarðvík
02-02-2022 19:15	Keflavík - Grindavík
09-02-2022 19:15	Grindavík - Haukar
16-02-2022 19:15	Fjölnir - Grindavík
23-02-2022 19:15	Grindavík - Skallagrímur
27-02-2022 19:15	Valur - Grindavík
02-03-2022 19:15	Grindavík - Breiðablik
09-03-2022 19:15	Njarðvík - Grindavík
16-03-2022 19:15	Grindavík - Keflavík
20-03-2022 19:30	Haukar - Grindavík
23-03-2022 19:15	Grindavík - Fjölnir
30-03-2022 19:15	Skallagrímur - Grindavík

Subwaydeild karla 2021/2022

08-10-2021 18:15	Grindavík 69 : 61 Þór Ak.
14-10-2021 20:15	Valur 81 : 77 Grindavík
21-10-2021 18:15	Grindavík 90 : 80 KR
25-10-2021 19:15	Grindavík 87 : 82 Njarðvík
28-10-2021 19:15	Tindastóll 77 : 86 Grindavík
05-11-2021 18:15	Grindavík 100 : 84 Breiðablik
18-11-2021 19:15	Vestri 86 : 71 Grindavík
04-12-2021 20:15	Grindavík - Stjarnan
09-12-2021 18:15	ÍR - Grindavík
17-12-2021 20:15	Grindavík - Keflavík
27-12-2021 19:15	Þór Þ. - Grindavík
06-01-2022 19:15	Þór Ak. - Grindavík
20-01-2022 19:15	Grindavík - Valur
27-01-2022 19:15	KR - Grindavík
03-02-2022 19:15	Grindavík - Tindastóll
10-02-2022 19:15	Breiðablik - Grindavík
17-02-2022 19:15	Njarðvík - Grindavík
04-03-2022 19:15	Grindavík - Vestri
10-03-2022 19:15	Stjarnan - Grindavík
17-03-2022 19:15	Grindavík - ÍR
24-03-2022 19:15	Keflavík - Grindavík
31-03-2022 19:15	Grindavík - Þór Þ.



ÁFRAM GRINDAVÍK

Kæling ehf

Stapahrauni 6

220 Hafnarfirði

Sími: 565 7918



GLUGGAVINIR

Hlíðasmára 11,

201 Kópavogur

Sími: 571-0888

eða 571-0813

gisli @ gluggavinir.is

voia®



Smiðjuvegur 76
200 Kópavogur
Sími 414 1000
Baldursnes 6A
603 Akureyri
Sími 414 1050
Austurvegur 69
800 Selfoss
Sími 414 1040

tengi@tengi.is
tengi.is

GYLFI Á PAPAS ER GRJÓTHARÐUR STUÐNINGSMAÐUR GRINDAVÍKUR Í KÖRFU



„MAÐUR MISSIR SIG
STUNDUM“

Gylfi Arnar Ísleifsson eða Gylfi á Papas er eitilharður stuðningsmaður Grindavíkur og hefur verið um árabil. Hann situr yfirleitt efst í stúkunnni í sínu sæti í HS Orku Höllinni. Hann sendir vissulega dómurum sneiðar af og til í leikjum en er allur að róast, að eigin sögn. Gylfi tengist körfunni í Grindavík líka tilfinninga-böndum en sonur hans, Kristófer Breki, er í stóru hlutverki hjá karlalíði félagsins og því fylgist Gylfi afar vel með sínum liðum í Subwaydeildum karla og kvenna. Við fengum Gylfa í stutt spjall þar sem við ræddum um tímabilið sem farið er af stað, ferilinn í körfunni og einstakan áhuga á Subway-spjallinu.

Hvernig lýst þér á upphaf tímabilsins í körfunni hjá Grindavík?

„Ég er gríðarlega ánægður með hvernig liðin okkar hafa farið af stað. Það er góð holning á karlalíðinu og þetta eru flottir strákar sem við höfum fengið inn í liðið í haust. Við höfum ekki verið svona vel spilandi síðan 2013,“ segir Gylfi. Hann telur sig duglegan að mæta á völinn.

„Ég mæti á flesta leiki. Aðeins minna kvennamegin en ég reyni að horfa alltaf á leikina í sjónvarpinu ef ég kemst ekki á svæðið.“

Það eru læti í þér á pöllum ekki rétt?

„Það eru töluvert meiri læti í Atla Kolbeini,“ segir Gylfi og hlær. „Við höfum myndað skemmtilegt tvíeyki og erum yfirleitt skammaðir í flestum leikjum fyrir óproskað orðbragð. Maður missir sig stundum. Síðustu ár hafa verið svolítið erfið og það hefur reynt á okkur stuðningsmenn að standa með liðinu í gegnum erfiða tíma eftir mikla velgengi,“ segir Gylfi hvass og dregur ekkert undan: „Ég geri þá kröfu að liðið spili körfubolta sem lið. Það er fátt leiðinlegra en að horfa á leikmenn í búningi félagsins sem hugsa bara um sjálfan sig. Körfubolti er liðsþrótt og miklu skemmtilegra að horfa á gott lið en einstaka fina leikmenn sem hugsa fyrst og fremst um sína eigin tölfræði.“

Á þessum tímapunkti þurfti blaðamaður aðeins að róa Gylfa niður sem gekk hratt og vel fyrir sig. Því næst að leikmannaverli Gylfa. Var hann liðtækur leikmaður?

„Ég náði reyndar aldrei að spila fyrir Grindavík. Spilaði aðallega með ÍG og var mjög liðtækur þar. Ég var algjör hliðarlínu skytta en hitti ekkert annars staðar. Ég var mjög öflugur djúpt í hægra horninu. Líklega hefur Breki sína skothæfileika frá mér,“ segir Gylfi sem er afdráttarlaus þegar hann er spurður hvort hann hefði getað náð lengra sem körfuboltamaður.

„Bergvin skyggði svolítið á mig - það verður að viðurkennast. Hann tók 88% af öllum skotum í leikjum með ÍG og það komst enginn annar að. Það verður samt að viðurkennast að það gekk vel í leikjum þegar Bergvin skaut bara.“

Gylfi og Þormar félagi hans á Papas eru öflugir styrktaraðilar fyrir íþróttir í Grindavík og nýtur Ungmennafélag Grindavíkur svo sannarlega þess að hafa veitingastaðinn Papas með sér í liði.

„Fyrir okkur hjá Papas þá er það sjálfsagt að styðja við okkar félag og allt íþróttastarf í Grindavík. Ég hef sjálfur brennandi áhuga á körfubolta,“ segir Gylfi.

„Svo er mjög jákvætt að það sé búið að endurvekja Papas skotið. Atli Kolbeinn er líklega sá eini sem hefur hitt úr því skoti. Það gleymist stundum að Atli er hrikalega góð skytta og flottur í pílu. Hann var vel að þessu kominn en við skulum vona að hann verði ekki sá eini sem hittir úr Papas skotinu.“

Hvernig lýst þér svo á framhaldið?

„Karlaliðinu var spáð 8.- 9. sæti í öllum miðlum fyrir mót. Við hljótum að setja stefnuna á 8. sætið. Það er markmiðið og svo sjáum við til hvort við getum gert betur. Ég hlusta á öll þessi podköst og fylgist vel með. Byrjum á því að tryggja 8. sætið og sjáum svo til. Það væri nú ekki leiðinlegt að troða nokkrum sokkum hér og þar,“ segir Gylfi. Hann hefur mikla trú á kvinnaliðinu og að það muni taka stórt skref áfram í vetur.

„Kvennamegin erum við með mjög ungt lið og góða útlendinga. Stelpurnar þurfa að læra að klára leikina betur. Þær eru búnar að vera í nokkrum spennuleikjum í haust þar sem ég hefði viljað sjá þær klára með sigri. Lalli var yfirleitt góður í lok leikja sem leikmaður og mun koma þessu inn hjá sínum stelpum. Þetta er allt að koma hjá þeim og ég hef verið hrifinn af þeim framförum sem þær hafa sýnt frá því á síðasta tímabili.“

Það er ekki hægt að ræða við Gylfa án þess að minnst á þátttöku hans á Subway-spjallinu sem er hópur á Facebook þar sem áhugamenn ræða um íslenskan körfubolta frá ýmsum hliðum. Óhætt er að segja að Gylfi sér öflugur penni á þeim vettvangi.

„Þetta er skemmtileg grúbba,“ segir Gylfi og hlær. „Ég hef mjög gaman af því að taka þátt og upplifa hlið stuðningsmannsins hjá okkur og öðrum félögum. Umræðan fer stundum á flug og maður stingur stundum niður penna í misgáfulgum tilgangi. Fyrst og fremst er þetta til að hafa gaman af þó það sé vissulega stundum gaman að stríða stuðningsmönnum annarra félaga, ég neita því ekki.“

Eitthvað að lokum?

„Það væri frábært að fá fleira fólk á pallanna og mynda öflugan kjarna stuðningsmanna Grindavíkur. Það eru góðir hlutir að gerast í vetur og við getum hjálpað liðunum okkar að ná enn lengra með því að mæta á pallanna og öskra áfram okkar lið.“



ÁFRAM GRINDAVÍK



Veitingastaður, Stampphólsvégi 2, sími 426 9700



Vikurbraut 46 - Sími 426 8594



Lagnabjónusta
Þorsteins

...Þjóninn þinn

864 1331 - 773 8783

Nýlaggir - Endurlaggir - Viðgerðir - Hitamyndavél



S:HELGASON

- Steinsmiðja síðan 1953

TOPPBÍLAR



Jónsi Múr ehf.
Sími 896 9645



Sími: 426-7469 / 693-5692



Fish House
Bar & Grill



GISTIHEIMILIÐ
BORG



- það segir sig sjálf -

Rúnar S. Sigurjónsson málarí
sími 894-2069



ÁÁ Verktakar ehf.
Vermun og viðhald fasteigna



Bílasprautun Magga Jóns

EB Þjónusta



pipulagningaverktaki - s. 691-5698



HREYFISPORT

Snjallöryggi

Þú getur stýrt Snjallörygginu þínu hvar og hvenær sem er og búið til þínar snjallreglur

Veldu Snjallöryggispakka sem hentar þér

Stofnkostnaður er 19.900 kr.



Innifalið:

Stjórnstöð Sírena Stjórnborð 2 flögur

Með Snjallöryggisappinu getur þú:

- > Gert öryggiskerfið virkt og óvirkt
- > Fengið boð frá reykskynjurum
- > Fylgst með hitastigi
- > Stjórnað raftækjum
- > Fylgst með hvort hurðir séu opnar
- > Fengið tilkynningu ef það er vatnsleki
- > Fylgst með upptökum og myndavélum
- > Stjórnað lýsingu með snjallperum

Snjallöryggi 3

+3 skynjarar að eigin vali

Verð 5.900 kr. á mánuði

Snjallöryggi 5

+5 skynjarar að eigin vali

Verð 6.900 kr. á mánuði

Snjallöryggi 8

+8 skynjarar að eigin vali

Verð 8.900 kr. á mánuði

Val um skynjara í pökkum:

Hreyfiskynjari með myndavél – Hefðbundinn hreyfiskynjari
Reykskynjari – Hurðarrofi – Vatnsskynjari
(hámark 1 hreyfiskynjari með myndavél)

Kynntu þér snjallara öryggiskerfi á snjalloryggi.is



ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

Við erum með
þér til öryggis

Öryggismiðstöð Íslands | Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 | Nánar á oryggi.is

ÓMETANLEGAR MYNDIR ÚR SAFNI KIDDA BEN

Fáir hafa varðveitt sögu Ungmennafélags Grindavíkur betur en ljósmyndarinn Kristinn Benediktsson. Kristinn féll frá árið 2012 en skilur eftir sig hundruðir ljósmynda frá ýmsum merkilegum viðburðum í sögu Grindavíkur og einnig í íþróttasögu UMFG. Kristinn tók virkan þátt í starfi Ungmennafélags Grindavíkur og var um tíma formaður félagsins. Árið 2010 ritstýrði hann afmælisriti UMFG í tilefni af 75 ára afmæli félagsins. Óhætt er að fullyrða að það rit muni reynast félaginu ómetanleg heimild um sögu Ungmennafélags Grindavíkur.

Nú er unnið að því að því að færa myndir úr ljósmyndasafni Kristins yfir á stafrænt form. Í þeirri vinnu höfum við fengið sendar nokkar magnaðar myndir úr sögu Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur. Kunnum við ættingjum Kristins bestu þakkir fyrir þá velvild að leyfa okkur að birta þessar myndir.



Kristinn Benediktsson ljósmyndari skilur eftir sig ómetanlegt ljósmyndasafn. Hér er Kristinn á gosárunum í Vestmannaeyjum.

Kr. Ben.



BANDARÍKJAMAÐURINN

RICHARD (DICK) ROSS

Þjálfaði kvennalið Grindavíkur tímabilið 1986-1987. Grindvík var á þessum árum í fyrsta sinn að halda úti keppnisliði í meistaraflokki kvenna.

Kr. Ben.



BIKARMEISTARAR

Í fyrsta sinn árið 1995 eftir sigur á Njarðvík í Laugardalshöll. Grindavík hafði yfir að ráða mjög öflugt lið heimamanna ásamt því að Frank Booker lék með liðinu. Grindavík vann leikinn 105-93 og var þetta fyrsti bikartitullinn af fimm í safni félagsins. Friðrik Ingi Rúnarsson þjálfaði liðið sem varð svo Íslandsmeistari árið eftir.





BANDARÍKJAMAÐURINN DOUGLAS HARVEY

Þjálfaði lið Grindavíkur árið 1987-1988. Á þessum árum voru margir efnilegir leikmenn Grindavíkur að stíga sín fyrstu skref fyrir félagið og félagið á mikilli uppleið í körfuknattleik.




PENNI PEPPAS

frá Bandaríkjunum lék með Grindavík árin 1995 til 1998. Hún var fyrsti erlendi leikmaðurinn til að leika í úrvalsdeild kvenna og varð tvívegis Íslandsmeistari. Seinni titill hennar kom með Grindavík árið 1997. Hún varð þrívægis stigahæst í íslensku úrvalsdeildinni og náði eitt sem þeim ótrúlega áfanga að ná fjórfaldri tvennu í leik gegn ÍR árið 1996. Hún skoraði þá 52 stig, tók 16 fráköst, gaf 11 stoðsendingar og stal 10 boltum. Penni hafði mikil áhrif á íþróttalífið í Grindavík á tíma sínum hér og þjálfaði einnig yngri flokka hjá félaginu.

KVENNALIÐ GRINDAVÍKUR

mætir heim eftir að hafa orðið Íslandsmeistari í fyrsta og eina sinn árið 1997. Grindavík vann sigur í úrslitaevingi gegn ÍS. Ellert Magnússon þjálfaði lið Grindavíkur á þessu tímabili. Grindavíkingar hylltu stelpurnar okkar við komuna til Grindavíkur eftir þetta magnaða afrek.



Nýr keppnisvöllur verður stórglæsilegur og getur tekið við fleiri áhorfendum en gamla góða Röstin.

STÚKA OG TÆKJABÚNAÐUR Í NÝTT ÍÞRÓTTAHÚS

Körfuknattleiksdeild Grindavíkur mun leika heimaleiki sína í nýja íþróttahúsinu frá og með næsta hausti. Í fjárhagsáætlun bæjarstjórnar Grindavíkur fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir fjárfestingu á nýrri stúku í okkar nýja og glæsilega íþróttahús ásamt fjárfestingu í nýjum tækjabúnaði, samanber nýrri stigatöflu og skotklukkum.

Þetta eru frábærar fréttir fyrir körfuknattleik í Grindavík en núverandi keppnishús er orðið of lítið. Það verður þó mikill söknuður úr því að spila heimaleikina í gömlu góðu Röstinni þar sem félagið hefur unnið marga glæsta sigra í gegnum tíðina. Það hús mun áfram nýttast afar vel sem æfingahús fyrir okkar yngri flokka ásamt því að hýsa íþróttakennslu grunnskóla og fimleikadeild UMFG.

„Þetta eru mjög ánægjuleg tíðindi og ber að hrósa bæjarstjórn fyrir að ráðast í þetta verkefni á næsta ári,“ segir Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri UMFG. „Þetta mun verða mikil lyftistöng fyrir félagið og í raun gjörbylta aðstöðu félagsins. Sérstaklega horfum við til þess að geta betur tekið á móti stuðningsmönnum á heimaleiki félagsins. Þetta verður ein glæsilegasta aðstaða á landsins til körfuknattleiks.“

Stefnt er að því að stúkan komi til landsins í sumar og að vinna við uppsetningu hennar fari fram þegar okkar yngri flokkar eru í sumarfríi. Þannig verður reynt að halda raski á æfingum vegna þessa í lágmarki. Vonir standa til að salurinn verði þannig tilbúinn til æfinga og keppni þegar æfingar hefjast á nýjan leik um miðjan ágúst á næsta ári.

Bæjarráð hefur jafnframt samþykkt að finna lausn á vandamáli tengt hljóðvistarveggjum sem eru í norður og suðurenda hússins. Hönnun á þeim veggjum hefur valdið sumum iðkendum sjónrænum óþægindum og er ljóst að gera þarf breytingar á veggjunum áður en keppni hefst í húsinu á stórum velli. Sú vinna er þegar farin af stað og verður gerð í góðu samstarfi við UMFG.

„Eftir gott gengi í haust er mjög ánægjulegt að fara áfram inn veturinn með þessi góðu tíðindi. Þetta gefur okkur byr undir báða vængi að halda áfram okkar góða starfi. Við óskum körfuboltasamfélaginu í Grindavík innilega til hamingju með þessi ánægjulegu tímamót,“ segir Ingibergur Þór Jónasson, formaður Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur.





**MÆTUM Í ÍPRÓTTAHÚSIÐ
OG LÁTUM Í OKKUR HEYRA!**

ÁFRAM GRINDAVÍK



Fiskvinnsla

Bakkalág 15 b. • 240 Grindavík • Iceland
Tel: 420 8000 • Fax: 420 8001 • stakkavik@stakkavik.is

LOKAHÓF YNGRI FLOKKA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

Lokahóf yngri flokka körfuknattleiksdeildar UMFG fór fram 7. júní síðastliðinn í Gjánni. Veittar voru einstaklings viðurkenningar allt frá minnibolta 10 ára til elstu yngri flokka. Í lok afhafnar fengu hjónin Guðmundur Bragason og Stefanía Jónsdóttir sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín sem yfirþjálfarar tímabilið 2020 til 2021.

Grindavíkingar ársins voru valin þau Jón Fannar Sigurðsson og Emelía Ósk Jóhannesdóttir.

Við óskum öllum verðlaunahöfum innilega til hamingju með árangurinn og hvetjum þau öll til að halda áfram á sömu braut!



Mb 10 ára stelpur

Mestu framfarir: Margrét María Ægisdóttir og Berglind Ýr Vilhelmsdóttir
Dugnaðarforkur: Lára Kristín Kristinsdóttir



7. flokkur kvenna

Mestu framfarir: Silvía Rán Gunnarsdóttir
Besti liðsfélaginn: Rakel Rós Unnarsdóttir
Dugnaðarforkur: Ragnheiður Tinna Hjaltalín

Mb 11 ára stelpur

Mestu framfarir: Salka Eik Nökkvadóttir og Helga Jara Bjarnadóttir
Dugnaðarforkur: Helena Rós Ellertsdóttir

8. flokkur kvenna

Mestu framfarir: Natalía Freyja Gunnarsdóttir
Besti liðsfélaginn: Hjörtfríður Óðinsdóttir
Dugnaðarforkur: Helga Rut Einarsdóttir



Mb 10 ára strákar

Besta ástundun: Marínó Freyr Ómarsson
Mestu framfarir: Ksawery Adam Ostrowski
Dugnaðarforkur: Pétur Þór Vilhjámsson



7. flokkur drengja

Mestu framfarir: Helgi Hróar Sigurðsson
Besti liðsfélaginn: Eysteinn Rúnarsson
Dugnaðarforkur: Haflíði Brian Sigurðsson

Mb 11 ára strákar

Besta ástundun: Brynjar Dagur Ómarsson
Mestu framfarir: Sævar Breki Helgason
Dugnaðarforkur: Ragnar Guðmundsson

8. flokkur drengja

Mestu framfarir: Davíð Gylfi Ásgrímsson
Besti liðsfélaginn: Arnar Freyr Öfjörð
Dugnaðarforkur: Snorri Stefánsson



9. og 10. flokkur kvenna

Mestu framfarir: Eva María Valdimarsdóttir

Dugnaðarforkur: Emilía Ósk Jóhannesdóttir

Mikilvægasti leikmaður: Edda Geirdal og Elísabet Birgisdóttir



Drengja og unglingsflokkur

Mestu framfarir: Hafliði Ottó Róbertsson

Dugnaðarforkur: Alexander Veigar Þorvaldsson

Besti liðsfélaginn: Jón Fannar Sigurðsson

Mikilvægasti leikmaður: Bragi Guðmundsson



9. og 10. flokkur drengja

Mestu framfarir: Tómas Breki Bjarnason og Andri Fannar Einarsson

Dugnaðarforkur: Kamil Malinowski og Eyjólfur Stefánsson

Mikilvægustu leikmenn: Arnór Tristan Helgason og Sigurður Bergvin Ingibergsson



Grindvíkingar ársins

Jón Fannar Sigurðsson

Emilía Ósk Jóhannesdóttir



Stúlknaflokkur

Dugnaðarforkur: Jenný Geirdal Kjartansdóttir

Mikilvægustu leikmenn: Natallía Jenný Lucic Jónsdóttir og Hekla Eik Nökkvadóttir



Yfirþjálfarar körfuknattleiksdeildar Grindavíkur 2020-2021

Stefanía Jónsdóttir og Guðmundur Bragason

STÓRT HLUTVERK SJÁLFBODALIÐANS Í ÍPRÓTTASTARFI

Undanfarin ár hefur körfuboltinn vaxið mikið hringinn í kringum landið, mikil fjölgun iðkenda sem og féлага/liða í mótum á vegum KKÍ. Þannig hefur það svo sannarlega verið einnig í Grindavík og félagið mikilvægur hlekkur í keðjunni að efla og stækka körfuboltann. Það er sérlega ánægjulegt að sjá mikla aukningu stúlkna hjá okkur. Körfuboltinn er svo sannarlega orðinn ein vinsælasta íþróttagrein landsins og því bera þakka góðu starfi aðildarfélaga sambandsins. Það er afar mikilvægt og má aldrei gleymast að svona árangur næst ekki nema með mikilli vinnu sjálfbodaliða í hverju bæjarfélagi eða hverfishluta stóru bæjarfélaganna. Það gleymist ansi oft hjá þeim sem stýra bæjarfélögum landsins hversu stórt hlutverk sjálfbodaliðans er í íþróttastarfi. Án öflugra sjálfbodaliða væri körfuboltinn ekki á þessum góða stað sem við erum í dag. Að þessu sögðu þá er það einnig ljóst að færri og færri gefa sig í það að gerast sjálfbodaliðar og þá sérstaklega til stjórnunarstarfa. Ég þakka þeim öflugum sjálfbodaliðum sem stýra körfuknattleiksdeild Grindavíkur, og þeim sem vinna með stjórninni, fyrir þeirra dugmikla og óeigingjarna starf fyrir körfuboltann og íbúa Grindavíkur.

KKÍ þarf að leita mikið til aðildarfélaga sinna og bæjarfélaga þeirra vegna æfinga fyrir öll okkar landslið þar sem landsliðin okkar eiga í raun ekkert heimili. Ávallt hafa Grindvíkingar tekið landsliðum okkar opnum örmum og verið tilbúin að hleypa okkar afreksfólki inn í íþróttahúsið. Fyrir hönd KKÍ þakka ég fyrir þessa góðu aðstoð og frábæru þjónustu sem er svo sannarlega ekki sjálfsgöð. Grindvíkingum öllum óska ég góðs gengis innan sem utan körfuboltavallar.

*Með körfubolta-
kveðju,
Hannes S. Jónsson
formaður KKÍ*



Öll almenn
trésmíðavinna

Bakkalág 20 - 240 Grindavík

Sími 894 3079
hssmidi@simnet.is

**VEIDARFÆRA
ÞJÓNUSTAN
ehf**

ÞJÓNUSTA :

- HÖNNUN VEIDARFÆRA
- VÍRAR, HÓLKAR, GOOTN VÍRAPRESSA
- VIÐHALD VEIDARFÆRA
- UPPSETNING OG FRÁGANGUR VEIDARFÆRA
- ROCKHOPPERAR OG FÓTREIPI
- SJÓFATNAÐUR
- NETAFELLING OG AFSKURÐUR
- ALL T Í NETAÚTHALDIÐ
- NET TÓ OG GARN
- KEDJUR OG LÁSAR
- SKILJUR

Frekari upplýsingar færðu á www.veidaraferi.is

VEIDARFÆRAÞJÓNUSTAN EHF ÆGISGATA 3, 240 GRINDAVÍK SÍMI: 426 7717 - 894 1891 - 897 6230

Grímsnes ehf
Steinási 18, 260 Reykjanesbæ
Sími 426 7825

Hss Fiskverkun ehf
Vatnsnesvegi 2, 230 Reykjanesbæ
Sími 421 5722



ÁFRAM GRINDAVÍK

Ádal - Braut

Ádalbraut, Víkurbraut 31 - Sími 426 7222

**Papa's
Pizza**
426 9955

**Grétar
Málari**

Sími 895 9292

Hárhornið

Hafnargata 7b - Sími 426 7120

GG Sigurðsson ehf.
VERKTAKAÞJÓÐUSTIA

langbest

HP GÁMAR
HÖPSNES

Vöbraut 3 - 240 Grindavík
Sími: 893 3719 & 823-1118
hopsnes@simnet.is

HÁRSTOFAN

426 7677

Anna María - Edith - Erla - Margrét - Þórdís

SCANVER 588 80 40
www.scanver.is
GÍRAR - FÉRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Tannlæknastofan
Víkurbraut 62 - Sími 426 7321

Jónsi Múr ehf.
Sími 896 9645

NESFISKUR

HEIM - KARRAN - FÓTBOLVIN
Tæknigæðing

Grindavík TV
Allir íþróttaviðburðir í beinni útsendingu og VOD dreifingu

GRINDAVÍKTV Í MIKILLI SÓKN

Undanfarin tvö tímabil hefur Ungmennafélag Grindavíkur haldið utan um útsendingar frá leikjum Grindavíkur hjá meistaraflokki félagsins. Búið er að stofna vefsíðuna www.grindaviktv.is þar sem allir meistaraflokksleikir félagsins hafa verið sýndir gegn vægu gjaldi. Þetta hefur reynst afar vel sérstaklega þegar það var áhorfendabann en þá gátu stuðningsmenn fylgst með leikjum félagsins í þráðbeinni útsendingu.

Þessi nýja þjónusta hefur fallið vel í kramið hjá stuðningsmönnum um allt land og einnig hjá okkar stuðningsmönnum sem eru búsettir erlendis en vilja endilega fylgjast með sínu félagi. Við munum í vetur halda áfram að sýna beint frá leikjum félagsins í körfunni sem ekki eru sýndir í beinni útsendingu á Stöð2 Sport.

Við erum einnig að leita að einstaklingum sem hafa áhuga á því að taka þátt í starfinu í kringum GrindavíkTV og hvetjum við þá til að hafa samband við framkvæmdastjóra UMFG, Jón Júlíus Karlsson með því að senda tölvupóst á jonjulius@umfg.is.

Áfram Grindavík!



Ökuskóli Frímanns

Sími 892 7619



Flügger litir

„VIL BÆTA BOLTATÆKNINA“

Hulda Björk Ólafsdóttir er lykilmáður í liði Grindavíkur og hefur verið það undanfarin tvö tímabil. Hún er aðeins 18 ára gömul og á svo sannarlega bjarta framtíð fyrir höndum. Hulda Björk spilar stöðu bakvarðar og hefur verið mjög vaxandi í vetur. Hún er með 9,1 stig í leik það sem af er vetri og átti frábæran leik gegn Skallagrími í byrjun nóvember þegar hún skoraði 20 stig. Hulda er sífellt að bæta sig og hefur verið mjög öflug fyrir utan þriggja stiga línuna núna í haust. Við fengum Huldu Björk til að svara nokkrum spurningum um körfuboltann.

Hvernig finnst þú tímabilið farið af stað fyrir liðið?

Frá fyrsta leik hefur verið góður stígandi í liðinu og við höfum verið að spila betur og betur saman.

Hvað er helsti munurinn á því að spila í efstu deild og 1. deild?

Það er miklu meiri hraði, sterkari andstæðingar og lið, meiri gæði í körfuboltanum.

Hvernig er svo stemningin í liðinu og markmið liðsins?

Stemningin er góð, höfum verið að spila saman í mjög langan tíma og þekkjum hvor aðra vel. Markmið liðsins eru held ég bara að halda sér uppi, bæta okkur með hverjum leik og að komast eins langt og við getum á þessu tímabili.

Þér hefur gengið mjög vel í skotunum fyrir utan þriggja stiga línuna. Er það eitthvað sem þú hefur markvisst verið að æfa?

Ég hef farið aukalega upp í hús að skjóta og æft skotið mitt. Ég reyni að hlusta á alla þá ráðgjöf sem ég get fengið varðandi skotið mitt og reyni að laga það eins og ég get.

Hvaða þætti í þínum leik vilt þú halda áfram að vinna í og reyna að bæta þig í?

Maður vill alltaf reyna að bæta sig í öllu því sem maður getur en ef ég þyrfti að velja myndi ég vilja bæta vinstri höndina mína, boltatækni og ég myndi einnig vilja að bæta varnarleikinn minn.

Hvað hefur komið þér mest á óvart í vetur á tímabilinu?

Munurinn á deildunum, hraðinn er mikill og samkeppnin er mikil.

Þorleifur tók við liðinu í sumar. Hver er helsti munurinn á honum og Ólöfu Helgu sem var að hjálfa liðið í fyrra?

Helsti munurinn myndi ég segja væru áherslunar. Þau hafa bæði öðruvísi áherslur varnarlega og eru líka með öðruvísi áherslur í sóknarleiknum.



ÆGIR

GELMOTTUR

Fersk flutningsleið

Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur



Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarýmd
Engin aukafni

isgel

Efstubraut 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is





Hraunsvík ÚTGERÐ

FRÍ FAGLJÓSMYNDUN
FASTEIGNASALI SÝNIR ALLAR EIGNIR

PÁLL ÞORBJÖRNSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
HAFNARGATA 91, REYKJANESBÆ
VÍKURBRAUT 62, GRINDAVÍK
PALL@ALLT.IS - 698-6655


F A S T E I G N A S A L A



GRINDIN
Trésmiðja og verktakar

Hafnargötu 9a - Sími 426 8574

„VIL AXLA MEIRI ÁBYRGÐ Í SÓKNARLEIKNUM“

Kristófer Breki Gylfason hefur fengið stærra og stærra hlutverk í Grindavíkurlíðinu síðustu árin. Þessi 24 ára gamli leikmaður hefur byrjað tímabilið í ár af miklum krafti og er orðinn lykilmáður í líðinu sem hefur farið vel af stað í Subway-deildinni. Hann hefur vakið athygli fyrir góðan varnarleik síðustu árin en í vetur hefur hann svo sannarlega sýnt að hann er góður skotmaður og skoraði til dæmis 26 stig í leik gegn Breiðablik fyrir skömmu þar sem hann var 6/9 úr þristum.

Nú hefur Grindavík byrjað þetta tímabil af krafti, þrátt fyrir smá bakslag gegn Vestra. Erud þið leikmenn ánægðir með byrjunina á tímabilinu?

Já þetta tímabil hefur farið nokkuð vel af stað hjá okkur strákunum, allt annar andi yfir þessu. Smá hikt gegn Vestra en við vissum að við færum ekki í gegnum þetta taplausir, deildin er bara það sterk.

Ég held að við getum allir verið sammála um hvað þetta er fyrst og fremst skemmtilegt, hlutverkaskiptingin mjög góð og erum að vinna saman sem heild. Stemningin í klefanum frábær og góð blanda af karakterum. Veturinn leggst bara mjög vel í mannskapinn. Svo má ekki gleyma fólkinu sem stendur við bakið á okkur og hvetur okkur áfram, það er alltaf mikilvægt.

Það er alltaf hægt að gera hlutina betur, sjáum það t.d. gegn Vestra. Mér finnst við vera alltof fljótir að byrja væla í dómurunum sem hjálpar ekki okkar leik. Svo er það þetta klassíska, varnarvinna og talandi sem við erum alltaf að reyna bæta. Síðan kannski stærsti pósturinn er að gíra okkur eins upp í alla leiki sama á móti hvaða liði við erum að spila.

Augljósasta breytingin á líðinu núna í ár miðað við síðustu ár, er að nú hefur liðið mjög afgerandi stóran mann undir körfunni. Hafið þið breytt mikið um leikstíl á milli ára?

Já, það hjálpar mikið að fá eitt stykki skrímsli undir körfuna. Það opnar mun meira fyrir aðra leikmenn og við komumst í burt frá þessum rembingi „run and gun“ bolta, afsakið slettuna, sem við höfum verið að spila síðustu ár. Það verður bara almennt betra leikskipulag í öllum okkar aðgerðum. Boltinn gengur betur og það verður flæði í okkar sóknarleik.

Svo má ekki gleyma hvað hann gefur okkur á hinum enda vallarins, truflar skot andstæðinganna og gefur okkur helling af fráköstum.

Nú hefur þitt hlutverk í líðinu stækkað með hverju árinu. Finnur þú fyrir meiri ábyrgð innan liðsins?

Ég finn kannski ekki endilega fyrir einhverri meiri ábyrgð. Ég hef alltaf sett mikla pressu á sjálfan mig að spila góðan varnarleik og vinna mér þannig inn fleiri leikmínútur, og því hefur alltaf fylgt mikil ábyrgð enda er það vörnin sem vinnur titla.

Mitt markmið fyrir þetta tímabil var að axla meiri ábyrgð sóknarmegin. Ég myndi ekki segja að Danni eða leikmenn setji einhverjar meiri kröfur á mig annað en að taka bara mín opnu skot. Ætli mestu kröfurnar hafi ekki komið frá stuðningsmönnum og pabba gamla. Þeir vilja bara að maður standi sig, maður tekur þessari pressu eða kröfum bara fagnandi og reynir að vinna alla leiki fyrir þá.

Hverjir myndir þú segja að væru þínir helstu styrkleikar sem leikmaður og hverjir eru þínir veikleikar?

Ég tel minn styrkleika vera fyrst og fremst vörn, mér finnst ekkert



skemmtilegra inná vellið en að gera besta sóknarmanni andstæðinganna lífið leitt. Ég tel mig lesa leikinn ágætlega og hreyfa mig vel sóknar megin. Svo hefur mér verið sagt að sé hinn finasti skotmaður sem ég tel bara nokkuð rétt.

Minn veikleiki hefur alltaf verið að sækja á körfuna. Þurfti að gera minna af því upp alla yngri flokka þannig ég einbeitti mér bara að varnarleik og skotum. En þetta er eitthvað sem mig langar að bæta við í mitt sóknarbúr, með sjálfstrausti og æfingu verður maður búin að bæta því við sinn leik áður en langt um líður.

Nú er pabbi þinn líflegur í stúkunni á ykkar leikjum og lætur oft vel í sér heyra. Hvernig er að vita af kallið þegar maður er inni á vellið að spila?

Já, pabbi gamli lætur vel í sér heyra og setur mikla pressu á mann. Mér finnst það geggjað að hann hafi svona mikið „passion“ fyrir þessu, reynir meira að hlusta á hann fyrir leiki en á meðan á leik stendur þá reynir maður bara blokkera öll utanaðkomandi hljóð út og einbeitir sér. Gamli kemur stundum með ágætis punkta af og til, en annars er ekkert rosalegt vit í þessum görgum svona í hita leiksins, tek meira mark á honum fyrir og eftir leiki.

Ég hugsa að mútta sé enn harðari stuðningsmaður en pabbi gamli þó hún sýni það kannski ekki eins mikið í stúkunni. Þau hafa mikinn áhuga á körfuboltanum og hafa verið dugleg að gefa manni ráð og stutt við bakið á manni í þessu öllu saman, sem hjálpað hefur gríðarlega að þroska mig sem leikmann.

Eitthvað að lokum?

Ég vil þakka þeim sem hafa verið að mæta á leiki hjá okkur og styðja okkur í gegnum súrt og sætt. Ég vil sjá enn fleiri mæta og veita okkur stuðning, hann er mikilvægur og fleytir okkur enn lengra. Við teljum okkur vera með lið sem er til alls líklegt.

HÓPSNESHURINGURINN

Fullt nafn: Kristófer Breki Gylfason.

Gælunafn: Þristófer

Aldur: 24 ára.

Hvenær lékstu þinn fyrsta leik með meistaraflokki: Ætli fyrsti svona alvöru leikurinn hafi ekki verið 2016-2017, maður byrjaði að hita bekkinn eitthvað fyrr.

Uppáhalds drykkur: Hvítur Monster.

Uppáhalds matsölustaður: Domino's.

Uppáhalds sjónvarpsþáttur: Peaky Blinders.

Uppáhalds tónlistarmaður: Sænski plötusnúðurinn Avicii.

Hvað viltu í bragðarefinn þinn: Oreó, Jarðaber, Þristur.

Besti leikmaður sem þú hefur mætt: Ætli það sé ekki Pavel Ermolinskij þegar hann var með hausinn við efnið, annars getur verið erfitt að eiga við Ægi Þór Steinarsson.

Besti þjálfari sem hefur þjálfað þig: Hugsu að það hafi verið hann Jóhann Árni Ólafsson sem þroskaði mig mest sem leikmann. Svo má ekki gleyma Gumma og Sirrý.

Mest óþolandi leikmaður sem þú hefur mætt: Það pirrar mig ekkert meira en þegar Brynjar Þór Björnsson skellir niður þrist og ullar svo út í loftið.

Sætasti sigurinn: Þeir voru nú margir á yngri árum. En svona í seinni tíð ætli það sé ekki eini titillinn í bikarnum tímabilið 2013-2014. Svo var líka mjög sætt þegar Óli setti flautukörfuna frá miðju gegn KR í fyrra.

Mestu vonbrigðin: 2017 þegar við komum öllum á óvart og töpum svo 3-2 gegn KR í úrslitunum.

Uppáhalds lið í NBA: Los Angeles Lakers.

Ef þú fengir að velja einn leikmann úr öðru íslensku liði í þitt lið: Væri til í að prófa spila með Herði Axel.

Hver er skemmtilegastur í klefanum: Ætli það sé ekki okkar besti maður, Ólafur Ólafsson.

Uppáhalds staður á Íslandi: Það er Grindavíkin fagra.

Hvað er það síðasta sem þú gerir áður en þú ferð að sofa: Knúsa gamla settið góða nótt. Svo er yfirleitt bara góð mynd í tækið og kyssi kærustuna góða nótt.

Fyrir utan körfubolta, fylgist þú með öðrum íþróttum: Já, hef gaman af fótbolta og UFC.

Í hvernig körfuboltaskóm spilar þú: Hef alltaf spilað í Kobe, en í seinni tíð aðeins farinn að prófa fleiri tegundir t.d LeBron og Harden.

Í hverju varstu/ertu lélegastur í skóla: Myndmennt reyndist mér alltaf erfið. Annars þurfti ég að hafa mest fyrir stærðfræði.

Hvaða þrjá leikmenn tækir þú með þér á eyðieyju: Ég hugsu að mér myndi ekki leiðast ef Óli, Kiddi og Bjöggi væru með mér á eyðieyju.

Hverju laugstu síðast: Ég laug hérna uppi áðan með Domino's, auðvitað er það Papas sem hefur vinninginn.

Hvað er leiðinlegast að gera á æfingum: Eins kaldhæðnislegt og það er að segja það, ætli það séu ekki varnarslide-in.



ÁFRAM GRINDAVÍK!


KLAKI

Hönnun, sjálfvirkni
og smíði



Réttur sjómanna til bóta

Verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína, geta þeir átt rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins, án tillits til þess hvort slysið verði rakið til mistaka eða vanrækslu.

Sökum þess hve ríkan rétt þeir eiga sem lenda í vinnuslysi á sjó, er mikilvægt að leita alltaf réttar síns, þótt tjónið kunnir í upphafi að virðast smávægilegt.

Brýnt er að leita til læknis og tilkynna viðeigandi aðilum strax um slysið, svo sem vinnuveitanda, tryggingafélagi, sjómannafélagi og Sjúkratryggingum Íslands.

Einnig er mikilvægt að hinn slasaði ráðfæri sig sem fyrst við lögmann um rétt sinn.

Fyrsta viðtal er alltaf ókeypis hjá okkur!



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

Þinn réttur til bóta!